Mat-trix

Skýrsla Kelduskóla vegna
þróunarverkefnis um námsmat

2012–2013

Efnisyfirlit

Formáli ... 3
Inngangur ... 4
Byrjendalæsi – námsmat ... 5
Frammistöðumat í list- og verkgreinum ... 13
Heilbrigt líferni ... 22
Jafningjamat ... 32
Lestrar- og ritunarmarkmið ... 40
Lýsandi hrós ... 86
Samfélagsfræðigreinar – þemabundið nám ... 93
Sérkennsla ... 101
Tónmennt og leiklist ... 112
Villt dýr ... 120
Gátlisti eftir kennslustundir ... 123
Villt dýr – matsblað nemenda ... 126
Fylgiskjal 5 ... 127
Viskuvarða ... 128
Niðurstöður ... 151

Formáli

Veturinn 2012-2013 hefur Kelduskóli tekið þátt í þróunarverkefni um námsmat. Verkefninu verður haldið áfram á næsta skólaári að ósk starfsfólks um tækifæri til að ígrunda betur þá vinnu sem nú er lokið. Skólanámskrá Kelduskóla verður yfirfarin með tilliti til nýrrar aðalnámskrár og þess námsmats sem starfsfólk prófaði sig áfram með í þróunarvinnunni.

Námsmat er hugsað sem tæki til að veita nemendum, foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum yfirsýn yfir getu nemenda. *Námsmat er fjölþætt og miðað að því að leiðbeina og hvetja nemendur til að leggja sig fram og auðvelda skólum að skipuleggja nám við hæfi hvers og eins* (úr Skólastefna Menntasviðs Reykjavíkur 2011:8). Með þetta að leiðarljósi verður haldið áfram að sníða námsmat Kelduskóla að nýjum áherslum í aðalnámskrá þar sem kveðið er á um að læsi, sjálfbærni, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sköpun og heilbrigði og velferð séu lykilhugtökin í gegnum alla skólagöngu nemenda.

Inngangur

Kelduskóli er ný sameinaður skóli (áður Korpu- og Víkurskóli) og þar eru rúmlega 450 nemendur í 21 bekkjardeild. Skólinn hefur tvær starfsstöðvar, Kelduskóla-Vík þar og Kelduskóla-Korpu. Í Vík eru nemendur í 1.-10. bekk en í Korpu frá 1.-7. bekk. Búseta í hverfinu ræður í hvora starfsstöð nemendur eiga heimaskóla í 1.-7. bekk en allir nemendur í 8.-10. bekk eiga skólagöngu í Vík.

Í upphafi skólaársins 2012-2013 hóf skólinn vinnu við þróunarverkefnið „*Mat-trix*“. Meginmarkmið verkefnisins var að stuðla að því að ná markmiðum nýrrar aðalnámskrár í námsmati auk þess að samþætta námsmat tveggja starfsstöðva undir merkjum eins skóla. Teknir voru frá fundartímar (starfsdagar og kennarafundir) yfir veturinn en einnig fékk starfsfólk tækifæri til að hittast á öðrum tímum sem eyrnamerktir voru þróunarverkefninu.

Kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar skólans tóku þátt í verkefninu. Í upphafi fékk fólk tækifæri til að velja sér verkefni og hópa eftir áhugasviði. Alls urðu til ellefu hópar sem skiptust bæði á árganga (teymi), þvert á árganga og/eða námsgreinar. Hóparnir skiluðu inn stefnumörkun í upphafi en við lok verkefnisins var haldið málþing þar sem hver og einn hópur kynnti sína vinnu. Hópunum var ætlað að skila inn gögnum við lok skólaárs sem hægt var að nýta við gerð lokaskýrslu.

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, var leiðbeinandi í verkefninu. Allir kennarar skólans sátu málþing á undirbúningsdögum að hausti um nýja aðalnámskrá en auk þess hélt hann erindi fyrir starfsfólk Kelduskóla um námsmat. Boðið var upp á handleiðslu hjá Ingvari tvisvar yfir veturinn, í desember og mars, þar sem hóparnir gátu lagt fram spurningar og fengið ábendingar um ýmis atriði. Sigrún Cortes kennari hélt einnig fyrirlestur um haustið þar sem hún kynnti námsmatsaðferðir Salaskóla.

Skipað var sérstakt þróunarverkefnisteymi sem stýrt var af skólastjóra. Teymið hittist reglulega á fundum yfir veturinn þar sem farið var yfir framkvæmd verkefnisins. Í þróunarteyminu sátu eftirfarandi; Árný Inga Pálsdóttir, Ásta Karen Rafnsdóttir, Jóhanna Eiríka Ingadóttir, Laufey Einarsdóttir, María Haraldsdóttir, Margrét Einarsdóttir og Solveig Guðmundsdóttir.

Byrjendalæsi – námsmat

Þátttakandi: Jóhanna Eiríka Ingadóttir.

Skilgreining/afmörkun:

Í byrjendalæsi er unnið að því að kennsluhættir og námsumhverfi höfði til nemenda og lagt áherslu á að ólíkir einstaklingar njóti sín í nám og leik. Í byrjendalæsi hefur námsmat ekki fengið nægilegt vægi.

Meginmarkmið:

- Að þróa heildstætt námsmat í byrjendalæsi í 1. bekk sem nær til allra þátta byrjendalæsis.
- Að öðlast betri yfirsýn yfir færni, framfarir og stöðu nemenda.
- Að gefa kennara tækifæri til þess að grípa fyrr inn í og leiðbeina nemandanum.

Útfærsla:

Námsmatið er í þremur þáttum (kvarðar, verkefnablað og hrósmiðar (jafningjamat).

1. Kvarði fyrir ritun og lestur. Metið er lestrar og ritunarfærni. Notaðist ég við marklista Brekkubæjarskóla og námsmarkmið úr Kelduskóla – Vík.

   Með því að nota kvarðana er auðvelt að sýna fram á hvaða viðmið liggja til grundvallar. Eins er auðveldara að staðsetja nemendur hvar þeir eru í ferlinu og fylgjast með framförum nemenda.

   Í lestrinum eru það þessir þættir sem er verið að meta: áhuga, sjálfstæði og færni og að lokum þekking á bókstöfum, orðum og texta. Nú dags fer námsmat fram í lestri í formi hraða og skilnings (*sjá fylgiskjal 1*).

   Í ritun er verið að meta : textagerð, uppbygging texta, framsetning texta og viðhorf til ritunar. Hægt er að velja um 5 stig, allt eftir því hvar nemandinn er staðsettur í ritunarferlinu. Allt frá því hvernig grip nemandans er, hvernig nemandanum gengur að forma stafina (fínhreyfingar) og fyrir þá sem lengra eru komnir hvernig uppbygging textans er (*sjá fylgiskjal 2*).

   Einnig getur kennarinn útbúið sér sérstakt vinnublað þar sem nafn nemandi kemur fram ásamt þeim námsþáttum sem kennari er að skoða (*sjá fylgiskjal 6*). Vinnublaðið er unnið út frá kvarðablöðum. Ýmist er hægt að nota liti til þess að aðgreina stöðu nemenda eða skrifa inn á blaðið.

2. Heildarmat eftir hverja bók/hverja stafainnlögn. Hvernig tókst til? Hefur nemandi náð þeirri færni sem til þarf til þess að nýta færnina í áframhaldandi vinnu? (*sjá fylgiskjal 4 og 5*).

   Verkefnablaðið nær yfir alla þætti byrjendalæsis. Verkefninu er skipt upp í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum fær nemandi tækifæri til þess sýna fram á hvort hann þekki þá bókstafi sem unnið var með. Í öðrum hluta er athugað hvort nemandinn geti nýtt sér þá færni sem unnið var með (stigskipti stuðningur)

Uppbygging á verkefninu er alltaf eins. Því eru skipt upp í tvo hluta og unnið með stafaþekkingu og ýmist stigskiptan stuðning eða enduruppbyggingu. Nauðsynlegt er að hafa verkefnablöðin misþung þannig að námsmatið henti öllum nemendum. Námið er stýrt eftir einstaklingsþörfum nemenda og þannig verður námsmatið líka þótt áherslurnar séu alltaf þær sömu.

3. Samvinna nemenda metin. Jafningjamat.

   Í byrjendalæsi eru nemendur mikið í verkefnum sem snýr að samvinnu. Samvinnan birtist í t.d. paralestri, kórlestri, Gefa og taka og flöskustút.

   Þeir þættir sem kennarar skoða oft á tíðum í samvinnu er virkni nemenda og hvort hann sé jákvæður / hvort hann eigi auðvelt með samvinnu. það að leyfa nemendum að meta hvort annað gefur þeim innsýn yfir það hvernig félagar þeir eru og með því að meta hvort annað myndast grundvöllur fyrir „ósýnilegt“ sjálfsmat. Það er að segja, nemendur með sig ómeðvitað þegar þau meta aðra. Matið er í formi hrósmiða (frammistöðumiða) sem nemendur fá. Með þessu móti kynnast nemendur aðferðinni að meta og hrósa hvor öðru. Með tímanum og auknum þroska er hugmyndin sú að bæta inni í mati þar sem nemendur læra smátt og smátt að bæta við uppbyggilegri gagnrýni (*sjá fylgiskjal 3*).

   Dæmi um jafningjamatið væri á þessa leið:
   Þú varst duglegur að lesa.
   Þú las hátt og skýrt.
   Það var gaman að hlusta á þig lesa.

   Með auknum þroska væri hægt að bæta inn leiðbeinandi mati. Til dæmis:
   Þú last hátt en mættir lesa skýrar.
   Það var gaman að hlusta á þig lesa en þú mættir lesa hærra.

Mat:

Byrjendalæsi er frábær kennsluaðferð. Hún hefur upp á margt að bjóða og eykur sjóndeildahring kennarans mikið. Það er lögð áhersla á skapandi og skemmtilega kennslu. Námið færist nær leiknum og nemendur fá að læra og nema á þeirra forsendum. Með því að skoða mína kennslu í byrjendalæsi og nám barnanna hefur mér tekist að þróa með aukið námsmat í byrjendalæsi. Námsmatið þarf að vera rauði þráðurinn í öllu skólastarfi, hvort sem við erum að tala um stærðfræði, byrjendalæsi eða hvort við viljum skoða og meta félagsfærni nemandans.

Með því að koma nákvæmu og vel ígrunduðu námsmati inn í skólastarfið eykst fagmennska kennarans og auðveldrar um leið starf kennarans. Námsmatið verður síður huglægt og kennari er frekar meðvitaður um stöðu nemandans og þannig auðveldara með að gefa nemandanum gagnlega svörun sem styður næsta þrep í náminu.

Fylgiskjal 1

Lestrarfærni

Færni	1. Stig	2. stig	3. stig	4. stig
Áhugi	**Leitar ekkert í bækur**	**Leitar í bækur, hefur gaman að því að skoða bækur**	**Reynir að lesa bækur við hæfi**	**Les sér til ánægju**
Sjálfstæði og færni	**Sýnir orðum í umhverfinu áhuga, spyr og reynir að lesa**	**Les á skilti, merkingar og stutt orð í umhverfinu**	**Getur aflað sér upplýsinga t.d. í gegnum netið**	
Bókstafir/orð/ texti	**Þekkir nokkra bókstafi**	**Les stök orð með myndum**	**Les léttan texta**	**Les léttar og þyngri barnabækur**

Fylgiskjal 2

Ritunarfærni

Færni	1. stig	2. stig	3. stig	4. stig
Textagerð	**Kennari eða foreldri skrifar fyrir barnið**	**Skrifar stök orð eftir fyrirmynd**	**Skrifar stök orð án fyrirmyndar**	**Skrifar stuttan texta/sögur og sýnir sjálfstæði**
Uppbygging texta	**Textinn inniheldur lítið samhengi – stök orð**	**Textinn innheldur upphaf –saga byrjar, vantar innihald og enda**	**Textinn inniheldur söguþráð að einhverju leyti – óljóst innihald**	**Textinn inniheldur upphaf, miðju og enda**
Aðferð og færni / framsetning texta	**Tengir bókstafi við hljóð**	**Dregur rétt til stafs**	**Skrifar flesta stafi læsilega**	**Ritar einföld orð rétt**
Viðhorf til ritunar	**Nemanda langar til að skrifa**	**Telur sig geta skrifað**	**Sækir hugmyndir og innblástur af umhverfnu**	**Deilir eigin skrif með öðrum – segir frá og les eigin texta**

Paralestur

Þú last hátt og skýrt!

Paralestur

Þú varst að vanda þig við lesturinn

Veiðimaður

Þú varst jákvæður í spilinu

Veiðimaður

Þú varst sanngjarn í spilinu

Fylgiskjal 5

Arngrímur apaskott

Stafirnir sem ég var að læra um heita:

_____

Getur þú skrifað 2 orð sem hafa þessa stafi.

_____ _____

Tengið orð við mynd

fiðla **api** **nesti**



Fylgiskjal 5

Nonni fer í bátsferð

Stafirnir sem ég var að læra um heita: _____

Getur þú skrifað 2 orð sem hafa þessa stafi.

_____ _____

Getur þú fundið bókstafina í orðasúpunni ☺

a	F	s	O	K	P
v	a	m	N	p	l
R	k	s	E	l	æ
k	r	T	o	e	Þ
V	K	n	Æ	b	A
o	m	N	n	v	O

Fylgiskjal 6

Námsþættir-Færni	1. Textagerð	2. Uppbygging texta	3. Aðferð og færni	4. Viðhorf til ritunar	
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					
Nafn					

Frammistöðumat í list- og verkgreinum

Þátttakendur: Áshildur Sveinsdóttir, Birgir Einarsson, Margrét Indíana Guðmundsdóttir, Steinþór Þorsteinsson, Þórdís Guðmundsdóttir, Þórunn Marsibil Eggertsdóttir, Vilma B. Ágústsdóttir og Sigríður H. Guðjónsdóttir

Skilgreining

Samræming á námsmati í list- og verkgreinum þ. e.a.s. myndmennt, textílmennt, heimilisfræði og smíði.

Inngangur

List og verkgreinar eiga að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf. Í þessu verkefni verður leitast við að styðja við nemandann með uppbyggilegri endurgjöf sem er leiðbeinandi, regluleg og markviss svo hún leiði til framfara nemandans í námi. Margvíslegar aðferðir eru notaðar til að meta nemandann og í þessu verkefni ætlum við að útfæra margskonar matslista sem nýtast í eftirfarandi námsgreinum; myndmennt, textíl, heimilisfræði og smíði.

Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að gera námsmatið markvissara og aðgengilegra fyrir list og verkgreinakennara. Leitast var við að samræma viðmið hinna ólíku list – og verkgreina og komast að niðurstöðu um aðferðir í matsferlinu. Unnið var með símat, frammistöðumat, sjálfsmat og lokamat. Matslistar voru útbúnir og þróaðir fyrir hverja grein fyrir sig.

Framkvæmd

Eftir nokkra skemmtilega fundi þar sem þreifað var á ólíkum flötum listgreinanna var byrjað á því að skoða lykilhæfnina úr nýrri Aðalnámskrá grunnskóla, lið fyrir lið og taka það út sem okkur fannst mikilvægt að meta í hverri grein. Áhugi var fyrir að útbúa lista fyrir sjálfsmat og frammistöðumat sem hver kennari útfærði svo fyrir sína grein.

Farið var í skipulagða heimsókn Í Sæmundarskóla og hittum kennara í list- og verkgreinum. Þær aðferðir sem þau nota þótti okkur áhugaverðar en þar er samræmt námsmat í öllum greinum skólastarfsins. Við höfum ekki nýtt þær hugmyndir beint en fengum góðar hugmyndir fyrir frammistöðumatið sem notað er í hverri kennslustund. Sjá fylgiskjal nr.1 og 2.

Afurð

Hér á eftir koma nokkur fylgiskjöl um sjálfsmat og frammistöðumat. Einnig eru þar að finna ýmis skjöl sem tengjast námsmati í list- og verkgreinum sem unnin voru á tímabilinu. Vonandi hefur þú lesandi góður gaman og kannski örlítið gagn af lestri þessarar skýrslu.

Fylgiskjal 1

Mat á frammistöðu í list og verkgreinum

Stig	Virkni	Sjálfstæði/Hugmyndavinna	Verkfærni	Vandvirkni	Umgengni	Framkoma
20	Kemur sér fljótt að verki og vinnur mjög vel	Er hugmyndaríkur og sýnir ávallt sjálfstæði	Sýnir mjög góða verkfærni	Sýnir mjög vönduð vinnubrögð	Umgengni til fyrirmyndar	Framkoma til fyrirmyndar
15	Vinnur oftast vel	Sýnir oftast sjálfstæði og hugmyndaríki	Sýnir oftast góða verkfærni	Sýnir oftast vönduð vinnubrögð	Umgengni oftast góð	Framkoma oftast góð
10	Mætti vinna betur	Getur sýnt sjálfstæði og hugmyndaríki	Skortir meiri verkfærni og þarf oft leiðsögn	Mætti vera vandvirkari	Mætti bæta umgengni	Mætti bæta framkomu
5	Vinnur mjög lítið og hefur lítið úthald	Skortir sjálfstæði og hugmyndir	Verkfærni er ábótavant og þarf mikla leiðsögn	Vandvirkni er ábótavant	Umgengni ábótavant	Framkomu ábótavant

Hámark stig eru 120–einkunn 10

Lágmark stig eru 30 - einkunn 5 (Ath! Stig á bilinu 30-60 gefa sömu einkunn)

Muna að umsagnir eiga að fylgja með í verkefnabók á Mentor!

Stig -einkunn	Stig- einkunn	Stig- einkunn
120 -10	80 - 6,7	40 - 5
115 - 9,6	75 - 6,3	35 - 5
110 - 9,2	70 - 5,8	
105 - 8,8	65 - 5,4	
100 - 8,3	60 - 5	
95 - 7,9	55 - 5	
90 - 7,5	50 - 5	
85 - 7,1	45 - 5	



Fylgiskjal 2

Frammistöðumat í tímum

Nemandi:

- Kemur sér fljótt að verki og vinnur mjög vel
- Vinnur vel en getur verið lengi að koma sér að verki
- Vinnur lítið og hefur takmarkað úthald
- Vinnur mjög lítið, er truflandi og neikvæður

Fylgiskjal 3

Nafn og bekkur_____

Sjálfsmat

Myndmennt

Virkni og vinnubrögð

Þú þarft að vanda þig, halda þig að verki, fara eftir fyrirmælum og mæta á réttum tíma í kennslustund.

Ég stóð mig:

Vika	1	2	3	4	5	6	7	8
Vel								
Frekar vel								
Frekar illa								
Illa								

Sjálfstæði og hugmyndavinna

Hvernig gekk þér að vinna sjálfstætt og hvernig gekk hugmyndavinnan t.d. í skissubók.

Vika	1	2	3	4	5	6	7	8
Vel								
Frekar vel								
Frekar illa								
Illa								

Umgengni og frágangur

Hvernig gekk þér að ganga frá eftir þig t.d. skola pensla, ganga frá áhöldum og litum?

Vika	1	2	3	4	5	6	7	8
Vel								
Frekar vel								
Frekar illa								
Illa								

Framkoma

Hvernig voru samskipti þín við samnemendur þína og kennarann? Þú átt að vera kurteis og taka tillit til annarra, ekki vera með læti, stríðni eða truflandi hegðun.

Vika	1	2	3	4	5	6	7	8
Vel								
Frekar vel								
Frekar illa								
Illa								

Fylgiskjal 4

Sjálfsmat

Nafn: **Bekkur:** **Dagsetning:**	**Mjög Sammála**	**Frekar Sammála**	**Ekki sammála**
SKÖPUN 1. Mér gengur alltaf vel að búa til mínar eigin hugmyndir af verkefnum.			
VIRKNI/SJÁLFSTÆÐI Í VINNUBRÖGÐUM 2. Ég vinn vel í tímum og er dugleg/-ur að halda sjálf/-ur áfram.			
VANDVIRKNI OG FRÁGANGUR 3. Ég vanda mig alltaf mjög vel og passa mig að flýta mér ekki of mikið.			
SAMVINNA/TILLITSEMI 4. Ég bíð alltaf eftir aðstoð kennarans og skil vel að ég þurfi að bíða eftir að röðin komi að mér. Ég hjálpa líka öðrum þegar þeir þurfa.			
UMGENGNI Í KENNSLUSTOFU 5. Ég geng alltaf vel frá eftir mig og set öll áhöld á sinn stað.			
HEGÐUN 6. Ég fer alltaf eftir fyrirmælum kennara og trufla ekki í tímum.			

- **Skemmtilegasta verkefnið:**
- **Erfiðasta verkefnið:**
- **Óska verkefnið, hvað langar þig helst að gera:**

Fylgiskjal 5

Heimilsfræði

Nafn	Skola	Vaska upp og þrífa grind	Þurrka leirtau	Þurrka af borðum, vaski og eldavél	Raða í skápa og skúffur	Sópa gólf	Virkni	Hegðun	Samvinna	Samtals stig

5 stig Mjög vel gert og engar athugasemdir

4 stig Vel gert, 1 athugasemd

3 stig Þokkalegt, 2 athugasemdir

2 stig Sæmilegt 3 athugasemdir

1 stig Óásættanlegt

Fylgiskjal 6

Heimilisfræði – Kelduskóli – Vík

Hópur	Verkefni dagsins:					
Nafn	Dags	Vaska upp og, skola	Þurrka	Þurrka borð	Raða í skápa og skúffur	Sópa gólf

Sjálfsmat í heimilisfræði

Nafn: Bekkur: Dagsetning:	Alltaf	Oftast	Sjaldan	Aldrei
Virkni Ég nýti tímann vel og kem mér fljótt að verki.				
Samvinna Ég vinn vel með öðrum í hóp og reyni ekki að koma mér undan verkefnum.				
Sjálfstæði Ég reyni að vinna sjálfstætt og gera það sem ég get sjálf/-ur.				
Verkefni Ég vanda mig með verkefnin í tímanum, fer vel með hráefnin og vanda frágang.				

Heilbrigt líferni

Þátttakendur: Árni Guðmundsson, Hólmar Sigþórsson, Óli Þór Júlíusson og Theodór Sveinjónsson.

Skilgreining/afmörkun: Verkefni íþróttakennara er að fræða nemendur um heilbrigt lífern, sérstaklega út frá vitsmunaþroska. Erfitt er að koma þessari fræðslu við vegna tímaskorts. Sá stutti tími sem kennarar hafa í íþróttum er að mestu notaður í hreyfingu. Ætlunin var að finna leiðir til þess að koma þessu til nemanda og leggja mat á þekkingu þeirra s.s. með tímaverkefnum, heimaverkefnum, hópverkefnum o.fl.

Meginmarkmið:

- Að leggja mat á þekkingu nemenda um heilbrigt líferni.
- Að útbúa verkefni um heilbrigt líferni sem hægt er að nota í kennslu, í samþættingu við bóklegar greinar

Útfærsla:
Íþróttakennara fóru markvisst yfir íþróttahluta aðalnámsskrár með það markmið að finna þar atriði sem ekki væru áberandi í íþróttatímum vegna tímaskorts (sjá fylgiskjal 1 og 2). Stefnt var á að útbúa verkefni sem bekkjakennarar gætu tekið fyrir í tímum eða nemendur gætu unnið heima og skilað (fylgiskjal 3-6). Með þessu átti að auka aðkomu íþrótta í almennu námi, bæði á skólatíma og fyrir utan.

Mat:
Það er mat íþróttakennara að vel hafi tekist til við þetta þróunarverkefni. Í framhaldinu er nauðsynlegt að fara nýja aðalnámskrá og bæta inn nýjum námsmarkmiðum ef þörf er á. Gott væri að vinna gagnabanka þar sem verkefni allra námshópa gætu geymst sem og prufukeyra ný verkefni á næsta skólaári. Auk þess gæti verið áhugavert að fara yfir námsmarkmið í lífsleikni og samþætta þau inn í þetta verkefni. Verkefni Heilsueflandi grunnskóla (http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli) gætu líka nýst til að skerpa á þessum námsþáttum í kennslu.

Fylgiskjal 1

Námsmarkmið í íþróttum 1.-10.bekkur Heilbrigður lífstíll - Vitsmunaþroski	
1.bekkur	Nemandi 1. taki þátt í umræðu um umhirðu líkamans og tileinki sér m.a. ○ hreinlæti að lokinni íþróttakennslu ○ að ganga í hreinum og snyrtilegum klæðnaði ○ bað og umgengnisreglur 2. læri að tileinka sér helstu umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum eins og að ○ ganga frá fötum og handklæði ○ þvo sér og þurrka 3. læri helstu líkamsheiti eins og höfuð, bolur, brjóst, bak, fótleggir og armar
2.bekkur	Nemandi 1. taki þátt í umræðu eða verkefni um gildi hreyfingar 2. læri að tileinka sér helstu umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum eins og að ○ ganga frá fötum og handklæði ○ þvo sér og þurrka
3.bekkur	Nemandi 1. taki þátt í umræðu um markmið æfinga og leikja sem teknar eru fyrir í kennslu 2. taki þátt í umræðu um hlutverk beinagrindar, vöðva, húðar, hjarta og lugna 3. fræðist um viðbrögð við minniháttar meiðslum
4.bekkur	Nemandi 1. taki þátt í umræðu um gildi hreyfingar fyrir sál og líkama 2. öðlist þekkingu á starfsemi líkamns í tengslum við hreyfingu og ástundun íþrótta 3. læri að túlka einfaldar upplýsingar um eigin líkamshreysti eins og ○ þoltölu úr fjölþrepaprófi ○ kraftniðurstöðu úr uppstökksprófi án atrennu ○ liðleika eftir að hafa teygt fram á kassa ○ hraða þar sem hlaupin er 30 m sprettur
5.bekkur	Nemandi 1. taki þátt um gildi íþrótta fyrir sál og líkama 2. taki þátt í umræðu um ○ svef- og hvíldarþörf ○ mikilvægi hreyfingar ○ hollt mataræði 3. fræðist um hlutverk öndunar og blóðrásar við líkamlega áreynslu 4. taki þátt í útivist og íþróttum þar sem taka þarf t.t. veðurs og fatnaðar 5. nýti sér tölvu og upplýsingatækni í tengslum við skipulag eigin þjálfunar
6.bekkur	Nemandi 1. taki þátt í umræðu um heilbrigðan lífsstíl 2. taki þátt í umræðu um skaðsemi ávana- og fíkniefna og misnotkunar lyfja fyrir

	líkama og sál 3. öðlist þekkingu um áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi 4. taki þátt í umræðu um helstu breytingar kynþroskaára og áhrif þþeirra á skyn, hreyfi- og líkamsþroska 5. fræðist um mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál 6. nýti sér tölvu og upplýsingatækni í tngslum við skipulag eigin þjálfunar (rafræn æfingardagbók, markmiðssetning)
7.bekkur	Nemandi 1. fræðast um heilbrigðan lífsstíl og skaðsemi ávana- og fíkniefna 2. þekki tengsl næringar- og orkuþarfar við líkams og heilsurækt 3. taki þátt í umræðu um áhrif þjalfunar á líkama og heilsu 4. taki þátt í umræðu um hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lugna við líkamlega áherslu 5. þekki áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi 6. taki þátt í umræðu um helstu breytinar á kynþroskaára og áhrif þeirra á afkastagetu og árangur í íþróttum 7. átti sig á mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál 8. nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu markmiða í líkams- og heilsurækt (rafræn æfingardagbók, markmiðssetning)
8.bekkur	Nemandi 1. fræðist um og tileinki sér rétta líkamsbeitingu í skóla og vinnu 2. læri með hvaða æfingum og leikjum hægt sé á markvissan hátt að efla hjarta og blóðrásakerfi og starfsem lugna 3. fái fræðslu og reynslu í notkun ýmiss konar búnaðar og klæðnaðar vegna útivistar 4. nýti sér tölvu og upplýsingartækni við skrásetningu æfingardagbókar í líkams og heilsurækt
9.bekkur	Nemandi 1. öðlist víðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífsháttа, s.s. með tilliti til næringarþarfa og orkuþarfa 2. öðlist grunnþekkingu á nokkrum hugtökum þolþjálfunar, s.s. ○ þjálfunarpúls ○ hvíldarpúls ○ hámarkspúls ○ loftháðri þolþjálfun ○ loftfirrð þolþjálfun 3. þjálfist í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar 4. nýti sér tölvu og upplýsingartækni við skrásetningu æfingardagbókar fyrir eigin þjálfun í líkams- og heilsurækt
10.bekkur	Nemandi 1. kunni til verka þegar skipuleggja skal eigin þjálfun 2. öðlist þekkingu á áhrifum skipulagðrar þjálfunar á líkamann 3. öðlist skilning á áhrifum mismunandi lífsstíls á heilsu og vellíðan 4. skipuleggji eigin líkams- og heilsuræktarþjálfun undir handleiðslu kennara 5. læri að finna púls 6. læri hugræna þjálfun s.s. öndunar- og slökunaræfingar

7. þekki helstu hugtök í þjálffræði s.s.
    - þol
    - kraft
    - hraða
    - liðleika og teygjur
    - samhæfing
    - upphitun
    - niðurlag
8. fái innsýn í hvernig íþróttir geta nýst sem liður í endurhæfingu eftir slys eða veikindi
9. læri helstu atriði skyndihjálpar s.s.
    - að stöðva blæðingu
    - að beita þrýstingi og kælingu eftir högg á vöðva
    - endurlífguna (var ekki í námskrá)
    - að koma sjúklingi í læsta hliðarlegu
10. nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu æfingadagbókar fyrir eigin þjálfun í líkams og heilsurækt

Athuga:

- Félagsþroski, tilfinningaþroski, siðgæðisþroski: Eigum við að hafa hann með?
- Skyndihjálp í fleiri bekki?

Fylgiskjal 2

HEILBRIGT LÍFERNI – VITSMUNAÞROSKI - NÁMSMAT



Fylgiskjal 3

LÍKAMSHLUTAR

NAFN:_____



Ökkli	Enni	Höfuð	Læri	Olbogi	Hár	Handakriki
Hné	Rist	Mjaðmir	Öxl	Háls	Il	Úlnliður
Nef	Fingur	Fótleggur				

Fylgiskjal 4

LÍKAMSHLUTAR

NAFN:_____



Ökkli	Enni	Höfuð	Læri	Olnbogi	Hár	Handakriki
Hné	Rist	Mjaðmir	Öxl	Háls	Il	Úlnliður
Nef	Fingur	Fótleggur				

Fylgiskjal 5

HVAÐA ÍÞRÓTT ER ÞETTA ☺ ?

Nafn: _____

Handbolti

Hlaup

Körfubolti



Lyftingar

Skák

Sund

Golf

Fimleikar

Bogfimi

Hástökk

Langstökk

Blak

Júdó

Skíði

Fótbolti

Skylmingar

Badminton



Íshokký

Fylgiskjal 6

Áhrif hreyfingar á púls

- loftfirrt og loftháð þolþjálfun -

Hvað þýða þessi hugtök og hvernig getum við notað púlsinn til að hjálpa okkur við þolþjálfun:

- Hvíldarpúls
- Hámarkspúls
- Þjálfunarpúls
- Loftháð þolþjálfun
- Loftfirrt þolþjálfun

Hvíldarpúls: Segir okkur hversu hratt hjartað slær þegar við erum vel úthvíld og róleg. Best er að mæla hann þegar við erum nývöknuð og ekki farin fram úr rúminu. Meðalhvíldarpúls manna er 60-80 slög á mínútu. Hann hækkar svolítið með aldri en er lægri í vel þjálfuðum íþróttamönnum.

Hámarkspúls: Fer eftir aldri og er oftast fundinn með því að draga lífaldur frá 220. Þannig er til dæmis hámarkspúls tvítugrar manneskju 200 (220 – 20 = 200).
Þetta er þó einungis þumalputtaregla því hámarkspúls milli tvítugra manneskja getur verið mismunandi.

Þjálfunarpúls: Kallast hins vegar sá púls sem gjarnan er miðað við þegar ná á sem mestum árangri í líkamsrækt. Hvaða gildi er notað fer eftir því hvert meginmarkmið þjálfunarinnar er, hvort það er að auka þol eða brenna fitu.

Loftháð þol: Getan til að framkvæma stöðugt og langvarandi erfiði. Til dæmis má nefna fjallgöngu eða rólegt skokk.

Loftfirrt þol: Getan til að taka hraustlega á því í stuttan tíma. Til dæmis 100m spretthlaup eða aðrir styttri sprettir.

Lesið spurningarnar vel og skráið niðurstöður í reitina hér að neðan.

Verkefni:

1. Byrjið á því að finna hvíldarpúlsinn ykkar. Sitjið kyrr í sætunum og reynið að slaka eins vel á þið getið. Einnig getur verið gott að fá félaga til aðstoðar.
2. Hver er ykkar hámarkspúls samkvæmt þumalputtareglunni?
3. Farið núna út og skokkið að brekkunni hjá listaverkunum. Þegar þangað er komið þá skulu þið hlaupa eins hratt og þið getið upp brekkuna og skokka síðan rólega. Endurtakið þetta 3x og mælið púlsinn eftir síðasta hlaupið upp brekkuna. Þá ættuð þið að vera búinn að finna ykkar raunverulega hámarkspúls.
4. Reiknið út þjálfunarpúlsinn ykkar. Við hvaða púls ættu þið að æfa ef þið ætlið eingöngu að brenna fitu?



Þjálfunarpúls miðað við mismunandi álag og aldur. Þegar markmið þjálfunar er fyrst og fremst fitubrennsla er miðað við lægri þjálfunarpúls heldur en þegar meginmarkmiðið er að byggja upp þol.

Jafningjamat

Þátttakendur: Dagný Jónsdóttir, Elísa Davíðsdóttir, Inga Kristín Skúladóttir og Viktoría Unnur Viktorsdóttir.

Skilgreining/afmörkun: Mat nemenda á öðrum nemendum og hópum.

Meginmarkmið:

- Að kenna nemendum að meta vinnu/verkefni hvers annars á gagnrýninn og uppbyggjandi hátt.

Útfærsla:

Margir kennarar hafa miklar efasemdir um jafningjamat og við vorum engin undantekning. Áhyggjur af því að nemendur myndu gera matið persónulegt og jafnvel að einhverjir gætu séð sér leik á borði og notað það sem vopn (t.d. í einelti) komu strax upp í umræðum og hugstormun um málefnið. Það var því ljóst frá byrjun að jafningjamat þarf að halda vel utan um og það þarf að vera vel undirbúið.

Sumir tengja jafningjamat við staðlaða skala og/eða eyðublöð sem nemendur fylla inn í þegar þeir dæma frammistöðu samnemenda sinna. Við ákváðum að byrja þar.

Eyðublöðin geta verið ýmiss konar og þau er hægt að nota á öllum skólastigum. Yngstu börnin geta til dæmis verðlaunað samnemendur sína með broskarli á meðan eldri nemendur geta fyllt út í flóknari matskvarða. Dæmi um slíka kvarða má finna á næstu blaðsíðum (fylgiskjöl 1-3).

Gallinn við jafningjamat af þessu tagi er tvíþættur. Í fyrsta lagi bindur kvarðinn hendur nemenda í endurgjöf og stýrir henni. Ef nemandi getur einungis sett X við orð eins og ,,gott" eða ,,ábótavant" við fyrirfram ákveðnum spurningum eru honum takmörk sett í endurgjöf og hann fær hvorki að útskýra niðurstöðu sína né velja hvað hann vill ráðleggja samnemanda sínum.

Í öðru lagi eru kvarðarnir dæmandi. Þeir segja bara til um hvaða ramma tilteknum nemanda finnst annar nemandi falla í. Þar sem allir yrðu metnir með sama kvarðanum byði það upp á samanburð meðal nemenda og þar með goggunarröð og annars konar gildisdóma sem við þekkjum af notkun einkunnakvarða.

Við prófuðum ýmiss konar kvarða, allt frá mjög afmörkuðum kvörðum eins og lýst er hér á undan, til opnari kvarða eins og þann að láta nemendur skrifa eitthvað tvennt jákvætt um verk samnemanda síns og eitt sem hann þyrfti að bæta (fylgiskjal 4). Þeir síðarnefndu þóttu okkur mun skemmtilegri, bæði vegna þess að þeir voru opnari fyrir nemendur og vegna þess að vægi dómsáhrifanna minnkaði til muna strax og nemendum var stýrt inn á opnar en jákvæðar brautir. Þannig áttu allir að tjá sig á jákvæðan hátt um verk samnemenda sinna. Gagnrýnin snerist um að láta þann sem vann verkefnið vita af einhverju sem hann gæti bætt, en ekki eitthvað sem hann gerði ,,illa", og þannig varð hún uppbyggileg og gaf þeim nemendum sem verið var að meta betri tilfinningu fyrir matinu og skýrari niðurstöður en afmarkaðri kvarðar.

Við sáum fljótt að til að geta hannað gott tæki við jafningjamat þyrftum við að átta okkur betur á því hver tilgangur þess væri. Til hvers að láta nemendur dæma verk hver annars? Til að auðvelda kennurum vinnu sína? Til að nemendur fengju betri sýn á hæfni sína frá sjónarhorni jafningja? Til að fá innsýn í samskipti nemenda? Eða bara til að láta þá hafa eitthvað að gera?

Eftir nokkrar umræður fannst okkur ekkert þessa eiga nógu vel við og fórum því að horfa á málið frá öðru sjónarhorni. Hvað ef tilgangur jafningjamatsins væri að kenna nemendum samvinnu, uppbyggilega gagnrýni og sameiginlega ábyrgð á velferð allra? *Jafningjamat sem kennsluaðferð.*

Þegar verkið horfði svona við okkur fóru hjólin að snúast. Okkur leist vel á að nota matstæknina við kennslu góðra samskipta, því lykillinn að góðri endurgjöf er að fara rétt að henni, láta þann sem tekur við þeirri endurgjöf finnast hann metinn að verðleikum og af sanngirni. Til að geta veitt slíka endurgjöf þarf hins vegar að hafa jákvæðni, hjálpsemi og virðingu að leiðarljósi og þetta fannst okkur kjörið tækifæri til að hjálpa nemendum að tileinka sér slík viðhorf og vinnubrögð.

Í þessu samhengi ákváðum við að prófa svokallaða *samvinnuhópa (sbr. co-operative learning)* eða *ráðgjafahópa.* Þá var nemendum skipt í hópa og þeir látnir hjálpast að við að leysa ákveðið verkefni. Í eitt skiptið voru þau látin leysa nokkur stærðfræðidæmi, hóparnir þó með ólíkar gerðir af dæmum. Kennari valdi í hópa og áhersla var á að blanda í hópana eftir getu, að bæði sterkir og veikari nemendur væru saman í hóp. Verkefni nemendanna var að leysa dæmin saman og vinna þannig að allir í hópnum skildu þau. Hver einasti nemandi. Að ákveðnum tíma loknum voru svo dregin nöfn nemenda, eitt úr hverjum hóp, og þeir látnir fara í annan hóp að útskýra fyrir þeim nemendum hvernig fyrri hópurinn hefði leyst dæmin sín. Þannig var krafan skýr um að sérhver nemandi tileinkaði sér námsefnið. Hver einasti nemandi var virkur, enda allir með ábyrgð.

Hóparnir voru kallaðir *samvinnuhópar* eða *ráðgjafahópar* í eyru nemenda. Nemendur fengu þá strax þau skilaboð að allir ættu að hjálpast að og að markmið þeirra væri sameiginlegt, enginn ofar öðrum heldur aðeins ein liðsheild. Þá var líka rætt sérstaklega við nemendur áður en vinnan hófst um kosti vinnu af þessu tagi og allir voru sammála um að það væri skemmtilegra að læra saman heldur en einn síns liðs. Þá var líka rætt um fjölbreytta hæfileika og að allir væru góðir í einhverju en enginn góður í öllu. Þannig gætu sumir verið betri en aðrir í einhverju og hinir þá nýtt sér þá styrkleika með því að læra af þeim. Hlutverkin gætu svo vixlast þegar kæmi að öðrum viðfangsefnum. Þannig var þess gætt að þeim sem ættu á brattann að sækja (í þessu tilfelli í stærðfræði) álitu sig ekki minni máttar þó þau upplifðu að aðrir í hópnum væru betri á þessu tiltekna sviði.

Þeir sem höfðu þekkingu umfram aðra í hópnum voru kallaðir *ráðgjafar* og á það orð var mikil áhersla lögð. Enginn nemandi fékk titil eins og ,,kennari", ,,dómari", ,,stjórnandi" eða neitt slíkt, enda fannst okkur mikilvægt að gera öllum ljóst strax frá upphafi að allir væru jafnir í vinnu af þessu tagi og enginn yfir annan hafinn þó hann kynni einhverjar aðferðir betur en annar. Hann fékk þá að vera ráðgjafi, enda ekkert að því að vera góður í einhverju og geta miðlað þekkingu sinni áfram til félaga sinna, svo lengi sem það er gert með jákvæðum hætti og á jafningjagrundvelli. Þetta þótti okkur ganga prýðilega upp og þetta eina orð skipti að okkar mati sköpum.

Mat:

Eins og við var að búast komu upp aðstæður í þessari vinnu sem kennari þurfti að aðstoða við og taka á. Sumir nemendur tóku sér ákveðin völd þrátt fyrir ráðgjafaumræðuna og í þeim hópum sá maður merki um einhverja drottnunar-takta. Þá var gripið til þess að taka þann nemanda afsíðis og ræða sérstaklega við hann um hlutverk hvers og eins í hópnum, mikilvægi þess að allir hjálpuðust að og fengju að segja sitt, en jafnframt lögð áhersla á kurteisi í samskiptum og leiðsögn. Þannig var nemendum öllum gert ljóst að lykilatriði vinnunnar væru jákvæðni, hjálpsemi og gagnkvæm virðing, en ekki keppni, drottnun eða völd (sjá fylgiskjal 5).

Það er af þessum ástæðum sem við viljum ekki síður líta á jafningjamat sem kennsluaðferð en matstækni. Með því að leyfa nemendum að vinna saman að verkefnum þar sem allir eru ábyrgir fyrir námi og árangri hvers og eins kennum við þeim margt um jákvæðni, gagnkvæma virðingu, samábyrgð, þrautseigju, jafnrétti, uppbyggilega gagnrýni, liðsheild og svo ótrúlega margt fleira. Þeir þurfa að meta færni hvers og eins og bera virðingu fyrir styrkleikum og veikleikum hver annars. Þeir læra að ræða saman á jafnréttisgrundvelli og með kurteisi, þar sem það eru hagsmunir þeirra sjálfra, ekki síður en hinna, að aðrir nái árangri.

Með því að sníða jafningjamat með þessum hætti gagnast það ekki síður þeim sem metur en þeim sem er metinn, þar sem augu hans opnast fyrir öðru fólki, hæfileikum þess og færni, auk þess að kenna honum mikilvægi og ávinning samvinnu og jafnréttis. Mat á heldur aldrei að vera endapunktur, annars verður það að dómi. Það þarf alltaf að vinna áfram með mál eftir að mat á sér stað og nota það þannig til að finna sér punkt til að vinna út frá. Það gerðum við í ráðgjafahópunum okkar og það var gaman að sjá hvað nemendum reyndist bæði gagnlegt og skemmtilegt að nýta sér mat hópsins á stöðunni í upphafi og vinna svo út frá því. Þá lærðu nemendur jafnframt að matið er til þess gert að hjálpa manni áfram, en ekki bara sjá hvort maður stóðst kennslu eða ekki.

Við mælum eindregið með því að kennarar prófi sig áfram með jafningjamat og útfæri leiðir sem henta þeirra nemendahópum ef ofangreindar aðferðir eru óheppilegar. Möguleikarnir eru nefnilega miklir og fjöldamargar aðferðir sem má nota við jafningjamat. Lykilatriðin sem þarf þó alltaf að hafa í huga eru að nemendur ræði saman um frammistöðu og framfarir hver annars af virðingu og jákvæðni. Það getum við kennararnir kennt þeim.

Frekara lesefni má nálgast með því að googla eftirfarandi:
Co-operative learning
Peer evaluation
Peer assessment

Fylgiskjal 1

Mynd 1: Nemendur gætu fengið kvarða af þessu tagi og límmiða eða mynd af broskarli til að festa við það atriði á kvarðanum sem gekk vel.

Er STÓR STAFUR í upphafi setninga?
Er skrifað með tengiskrift?
N.o.t.a.r. n.e.m.a.n.d.i.n.n. p.u.n.k.t.a?
Er ~~strikað~~ yfir mistök?

Fylgiskjal 2

Mynd 2: Hér er dæmi um kvarða sem nemendur í 6.-7. bekk fylltu út í eftir hópavinnu í samfélagsfræði. Hver nemandi átti að meta hina nemendurna í hópnum sínum og var eitt blað fyllt út fyrir hvern.

Nafnið þitt: _____

Nafn nemanda: _____

	Alltaf	**Oftast**	**Stundum**	**Sjaldan**	**Aldrei**
Tók hann/hún virkan þátt?					
Sýndi hann/hún áhuga á verkefninu?					
Hlustaði hann/hún á það sem aðrir lögðu til málanna?					
Sýndi hann/hún frumkvæði í að afla upplýsinga?					
Nefndu eitthvað sem nemandinn gerði vel:					

Fylgiskjal 3

Mynd 3: Allra yngstu nemendurnir gætu fengið útklippta broskalla til að gefa þeim sem þau töldu standa sig vel við lausn verkefnis (svipað og fimmur).

Fylgiskjal 4

Mynd 4: Nemendur gætu nefnt tvennt sem hinn nemandinn gerði vel og eitt sem hann þyrfti að laga. Hér tákna stjörnurnar það sem nemandinn gerði vel og skýið eitthvað sem hann þarf að hugsa og athuga betur, en það getur gagnast mörgum að fá myndræna kvarða, sérstaklega yngri nemendum.

Hvað gerði félagi þinn vel og hvað þarf hann að laga?

Gefðu tvær stjörnur og eitt ský.

Fylgiskjal 5

Mynd 5: Það getur verið gagnlegt að hafa leiðarljós samvinnuhópa/ráðgjafahópa sýnileg þegar vinna þeirra fer fram.

Þegar við vinnum saman í hóp erum við

- tillitsöm
- kurteis
- jákvæð
- hjálpsöm

Lestrar- og ritunarmarkmið

Þátttakendur: Björg Hrund Sigurbjörnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Freyja Sigmundsdóttir, Guðrún Lilja Norðdahl, María Haraldsdóttir og Solveig Guðmundsdóttir.

Skilgreining/afmörkun: Að endurmeta matskvarða og leiðsagnarmat í tengslum við lestrar- og ritunarmarkmið sem unnin voru í Víkurskóla 2006.

Meginmarkmið:

- Að skapa samfellu í verkefnum og aðferðum í lestri og ritun.
- Að skapa samfellu í námsmati í lestri og ritun.

Útfærsla:
Vinnan hófst á því að skoða lestrar- og ritunarmarkmið sem unnin höfðu verið í Víkurskóla og ákveða hvernig skyldi standa að verkefninu. Öll markmiðin voru tekin og sett í vinnuskjöl (sjá fylgiskjöl 1-20), þannig að hvert markmið fékk sinn reit en síðan var bætt aftan við fleiri reitum þar sem inn voru settar hugmyndir um leiðir til að framkvæma viðkomandi markmið. Tillögur um ákveðin verkefni, sem hægt er að nota til að ná viðkomandi markmiði. Einnig voru settar niður tillögur um hvernig skyldi staðið að námsmati í hverju markmiði fyrir sig. Byrjað var á að viða að ýmsum matslistum og gátlistum sem fylgja hverju lestrar-og/ eða ritunarmarkmiði.

Mat:
Hugmynd vaknaði um að tengja verkefnið við Mentor til að gera utanumhald skilvirkari í vinnslu. Talsverðar umræður voru um hvernig best væri hægt að tengja verkefnið við Mentor og einnig við markmið nýju aðalnámskrá grunnskólanna, sem Mentor er að vinna að innsetningu á í þeirra kerfi. Mentor er að þróa kerfi sem þessi vinna gæti fallið vel inn í. Tími gafst ekki til að funda með fólki frá Mentor en áætlað er að sú vinna verði á dagskrá næsta vetrar.

Hugmyndin var að gera lestrar- og ritunarmarkmiðin aðgengilegri og færa þau jafnframt í tölvutækt form.

Fylgiskjal 1

🕮 Námsmarkmið í ritun – 2012-13

Forstig 3- 5 ára	Verkefni-leið að markmiði/mati	Mat, hvernig á að meta		
Nemandinn: **<u>Textagerð</u>** Notar myndir til að tjá sig.				
Byrjar að segja frá útfrá mynd.				
Þekkir nafnið sitt ritað.				
<u>Aðferðir og færni</u> Gerir tákn í stað þess að teikna bara myndir á blað (krotar).				
Notar einhverja bókstafi sem hann þekkir til að tákna orð.				
Gerir sér grein fyrir því að				

stafirnir merkja eitthvað.				
Uppbygging texta Lýsir eigin myndum og skrifum.				

Fylgiskjal 2

🕮 Námsmarkmið í ritun – 2012-13

Frumstig 4- 6 ára	Verkefni-leið að markmiði/mati	Mat, hvernig á að meta		
Nemandinn: **<u>Textagerð</u>** Notar myndir og bókstafi til að tjá sig.				
Skrifar orð til að lýsa og styðja við myndir.				
Skrifar nafnið sitt.				
<u>Aðferðir og færni</u> Líkir eftir táknum, merkjum, nöfnum og orðum (letri í umhverfinu).				
Skrifar hástafi.				

Byrjar að tengja bókstafi við hljóð.				
Byrjar að nota bókstafi til að búa til orð.				
Þekkir skriftaráttina.				
Uppbygging texta Þykist lesa eigin skrif.				
Viðhorf/sjálfrýni Langar til að skrifa.				

Fylgiskjal 3

🕮 Námsmarkmið í ritun – 2012-13

Undirbúningur 5- 7 ára	Verkefni-leið að markmiði/mati	Mat, hvernig á að meta		
Nemandinn: **<u>Textagerð</u>** Skrifar orð eða stuttar setningar um ákveðið efni.	Ritunarverkefni.	Leiðsagnarmat. Sögur og verkefni skoðuð.		
Skrifar nöfn og kunnugleg orð.	Ritunarverkefni. Merkja hluti í umhverfinu með spjöldum /miðum.	Verkefni til skoðunar.		
<u>Aðferðir og færni</u> Skrifar í rétta átt.				
Notar ýmist há- og lágstafi.				
Tengir bókstafi við hljóð.				
Byrjar að hafa bil á milli orða.				

Byrjar að nota greinarmerki.				
Ritar orð eftir hljóðan bókstafanna.				
Uppbygging texta				
Byrjar að lesa eigin skrif.				
Viðhorf/ sjálfrýni Telur sig geta skrifað.				
Fær hugmyndir að skrifum.				

Fylgiskjal 4

🕮 Námsmarkmið í ritun – 2012-13

Byrjun 6- 8 ára	Verkefni-leið að markmiði/mati	Mat, hvernig á að meta		
Nemandinn: **<u>Textagerð</u>** Skrifar nokkrar setningar um ákveðið efni.	Hvað er setning ?	Gátlisti, er þetta setning ?		
Getur orðað og ritað texta með eða án aðstoðar út frá upplifun sinni og hugsunum t.d. ljóð.	Endursagnir. Upplifunarljóð.	Ákveðin verkefni til að meta. Endursögn á ákveðinni sögu.		
<u>Aðferðir og færni</u> Dregur rétt til stafs.	Skriftarverkefni ýmis konar	Próf. Gátlisti.		
Skrifar flesta stafi læsilega.	Stafakönnun.	Verkefni nemenda skoðuð.		
Byrjar að nota tölvu við ritun.				
Hefur bil milli orða.	Ýmis konar ritunarverkefni, textar og sögur.	Verkefni nemenda skoðuð.		
Ritar orð hljóðrétt.	Skrifað upp eftir upplestri.			

Ritar algeng og einföld orð rétt.	Ýmis konar ritunarverkefni, textar og sögur.	Ýmis konar matsaðferðir. Sjálfmat, jafningjamat, kannanir		
Byrjar að nota punkta og hástafi á réttan hátt.	Ýmis konar ritunarverkefni	Ýmis konar matsaðferðir. Sjálfmat, jafningjamat, kannanir		
Uppbygging texta Velur sér efni til að skrifa um.	Ath. gott aðgengi að gögnum og bókum. Hugmyndabanki – hugmyndir að ritunarverkefnum	Kennari getur metið hvort nemandi er fær um að skrifa sögur.		
Skrifar texta sem hann sjálfur og aðrir geta lesið.		Jafningjamat. Nemendur skiptast á að fara yfir verkefni hvers annars.		
Ferliritun Leiðréttir skrif sín með leiðsögn.		Leiðsagnarmat.		
Kynnist notkun hugarkorta og/ eða hugflæði.	Kennsla í notkun hugarkorta.			
Viðhorf/ sjálfrýni Deilir eigin skrifum með öðrum.	Ritunarverkefni til upplestrar.	Jafningjamat.		

Fylgiskjal 5

🕮 Námsmarkmið í ritun – 2012-13

Opnun 7- 9 ára	Verkefni-leið að markmiði/mati	Mat, hvernig á að meta		
Nemandinn: **Textagerð** Skrifar fjölbreyttan texta með eða án aðstoðar s.s. stuttar frásagnir, sögur, ljóð, brandara og gátur.	Fjölbreytt ritunarverkefni í tengslum við m.a. byrjendalæsi.	Skriflegt mat, vinnubækur metnar samkvæmt skala um mat. (þarf að búa til heilstæðan matsskala fyrir 1-10 bekk??)		
Aðferðir og færni Skrifar læsilega.	Öll handskrifuð verkefni. Sögur, ljóð og ritunarverkefni.	Gátlistar, ritunarverkefni út frá skrift.		
Byrjar að skrifa eftir upplestri.	Lesið upp úr texta í tengslum við byrjendalæsi eða upp úr léttlestrarbókum.			
Skrifar heilar setningar.	Markviss kennsla í uppbyggingu á einföldum setningum. Hvað er setning.	Gátlisti		
Notar hástafi og punkta á réttan hátt.	Markviss kennsla. Hvenær notum við hástafi og lágstafi og punkta.	Gátlisti		
Stafsetur flest algeng orð rétt.	Nemendur gera t.d. ritunarverkefni á tölvu og þurfa að halda áfram þar til allar leiðréttingarathugasemdir í tölvuforritinu	Skriflegt próf og/eða vinnubækur		

	eru afgreiddar. Upplestur, stafsetningarverkefni skilgreind á ákveðna þætti. T.d. tvöfaldan samhljóða, n-nn, o.s.frv.			
Uppbygging texta Ritar út frá ákveðnu efni.	Hugtakakort- orðalistar	Meta vinnubækur markvisst. Gátlisti í tengslum við orðalista.		
Byrjar að nota fjölbreyttan orðaforða.	Orð dagsins, orðagreining samheitorðabók, orðalistar.	Meta vinnubækur markvisst.		
Ferliritun Beitir ýmsum aðferðum s.s. hugarkortum og hugflæði.	Búa til hugarkort og gera ritunarverkefni t.d. í samþættingu við þemaverkefni.	Metin verkefni sem eru gagngert til að sjá hvort nemendur geti beitt hugarkortum og hugflæði.		
Tekur til greina álit annarra á eigin ritverkum.	Nemendur skiptast á verkefnum og fara yfir hjá hvert öðru.	Framfarir, tekur nemandi tilsögn og leiðbeiningu.		
Bætir við lýsingum og smáatriðum við textann með leiðsögn.	Verkefni með til dæmis einföldum sögugrunni sem þarf að bæta við og krydda.	Gátlisti með verkefnum		
Flytur eigin ritverk.	Lesa t.d. sögur úr heimavinnu. Sögustóll.	Framsögn í tíma		

<u>Viðhorf/ sjálfrýni</u> Sækist í að skrifa.	Fjölbreytt.	Viðhorfskönnun hjá nemendum.		

Fylgiskjal 6

🕮 Námsmarkmið í ritun – 2012-13

Að brúa bil 8-10 ára	Verkefni-leið að markmiðí/mati	Mat, hvernig á að meta		Leiðsagnarmat
Nemandinn: **<u>Textagerð</u>** Skrifar um tilfinningar og skoðanir.	Hugarkort	Heimaritun, ritun í tíma. Verkefni í hóp (heimakróki)		
<u>Aðferðir og færni</u> Notar ýmis gögn til að bæta ritun t.d. orðabækur.	Leggja inn ákveðið ritunarverkefni og hafa tiltækar orðabækur og fræðibækur sem passa verkefninu. Hugarkort	Skriflegt mat eða munnlegt ef t.d. verkefni er flutt í heyrandahljóði		Matslisti um ritun
Lykilhæfni í fimm liðum – *þeir þættir sem við teljum mikilvægt að meta í tengslum við tónmennt:*

Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu á leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

Sjálfsmat:

- Ég á auðvelt með að tjá hugsanir mínar og tek virkan þátt í umræðum.
- Ég á auðvelt með að tjá tilfinningar, s.s. reiði og gleði í gegn um tónlist/leiklist.
- Ég á auðvelt með að hlusta á aðra og virða skoðanir þeirra.

Frammistöðumat:

- Sömu þættir og að ofan, en að mati kennara.
- Meta mismunandi verkefni unnin á blöðum.
- Meta frammistöðu í tengslum við flutninga á verkefnum sem nemandi hefur unnið.

Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistökum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.

Sjálfsmat:

- Ég á auðvelt með að fá hugmyndir og framkvæma þær.
- Ég hef skoðanir á því sem fram fer og get rökstutt mínar skoðanir.

Frammistöðumat:

- Sömu þættir og að ofan, en að mati kennara.
- Meta mismunandi verkefni unnin á blöðum.
- Meta frammistöðu í tengslum við flutninga á verkefnum sem nemandi hefur unnið.

Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Sjálfsmat:

- Ég á auðvelt með að vinna einn.
- Ég á auðvelt með að vinna með öðrum.
- Ég á auðvelt með að taka leiðsögn.

Frammistöðumat:

- Sömu þættir og að ofan, en að mati kennara.

Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.

Sjálfsmat:

- Ég get leitað mér upplýsinga um efni tengd náminu á miðlum, s.s. alnetinu eða í blöðum.

Frammistöðumat:

- Kennari metur þetta eftir mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir nemendur.

Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Sjálfsmat:

- Ég ber ábyrgð á eigin námi.

Frammistöðumat.

- Kennari metur eftir sjálfsmati sem nemendur gera a.m.k tvisvar á önn.

Mat:
Sjálfsmatslistar í tengslum við uppfærslu söngleikja nýttust mjög vel. Farið hafði verið skýrt með nemendum í hvaða þætti kennari myndi meta á meðan á vinnuferlinu stæði og teljum við gríðarlega mikilvægt að láta nemendur sjálfa skoða eigin vinnu á gagnrýninn hátt, að þeir hugleiði sjálfir hvað það er sem þeir gerðu vel og hvað þeir megi bæta. Þetta er að okkar mati liður í að kenna nemendum enn betur að bera ábyrgð á eigin námi.

Fylgiskjal 1

Sjálfsmatslistar sem á að leggja fyrir tvisvar á önn í tónmennt:

Sjálfsmat 1.-3. bekkur

Nafn: Bekkur: Dagsetning:	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei
Ég tek þátt í að syngja.				
Ég hlusta vel á fyrirmæli.				
Ég er jákvæð/ur.				
Ég vanda mig og geri eins vel og ég get.				
Ég er kurteis og trufla ekki aðra.				
Ég hjálpa öðrum sem þurfa á hjálp að halda í tímum.				
Ég fer vel með hljóðfærin.				
Ég hjálpa til við að ganga frá.				

Fylgiskjal 2

Sjálfsmat 4.-5. bekkur

Nafn: Bekkur: Dagsetning:	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei
Ég tek þátt í umræðum.				
Ég tek þátt í að syngja.				
Ég hlusta vel á fyrirmæli.				
Ég er jákvæð/ur.				
Ég vinn vel í tímum.				
Ég vanda mig og geri eins vel og ég get.				
Ég er kurteis og trufla ekki aðra.				
Ég hjálpa öðrum.				
Ég fer vel með hljóðfærin.				
Ég hjálpa til við að ganga frá.				

Fylgiskjal 3

Sjálfsmat nemenda í 6.-7. bekk

Nafn: _____ Bekkur: _____

Dagsetning: _____

Alltaf

Oftast

Stundum

Aldrei

Ég á auðvelt með að tjá hugsanir mínar og tek virkan þátt í umræðum.				
Ég á auðvelt með að tjá tilfinningar, s.s. reiði og gleði í gegnum tónlist.				
Ég á auðvelt með að hlusta á aðra og virða skoðanir þeirra.				
Ég á auðvelt með að fá hugmyndir og framkvæma þær.				
Ég hef skoðanir á því sem fram fer og get rökstutt mínar skoðanir.				
Ég á auðvelt með að vinna ein(n).				
Ég á auðvelt með að vinna með öðrum.				
Ég á auðvelt með að taka leiðsögn.				
Ég ber ábyrgð á eigin námi.				
Ég tek þátt í að syngja.				
Ég hlusta vel á fyrirmæli.				
Ég er jákvæð/ur.				
Ég vinn vel í tímum.				
Ég vanda mig og geri eins vel og ég get.				
Ég er kurteis og trufla ekki aðra.				

Ég hjálpa öðrum.				
Ég fer vel með hljóðfærin.				
Ég hjálpa til við að ganga frá.				

Fylgiskjal 4

Sjálfsmat í tengslum við uppsetningu söngleikja, lagðir fyrir strax eftir sýningu:

Sjálfsmat 4.-5. bekkur

Nafn: Bekkur: Dagsetning:	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei
Ég var jákvæð(ur)				
Ég hlustaði vel á fyrirmæli				
Ég vann vel í tímum (ég tók virkan þátt í söng)				
Ég kom vel fram við aðra				
Ég var kurteis og truflaði ekki aðra á æfingum				
Ég var fljót(ur) að læra textann minn utan að				
Ég hugsaði vel um textablöð, búninga og sviðsmuni og týndi engu				
Ég talaði hátt og skýrt				
Ég sneri að áhorfendum				
Ég hafði gaman af því að taka þátt í *Fjársjóðseyjunni*				

Sjálfsmat 6.-7.bekkur

Nafn: Bekkur: Dagsetning:	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei
Ég var jákvæð(ur)				
Ég tók virkan þátt í spuna				
Ég hlustaði vel á fyrirmæli				
Ég vann vel í tímum (=á æfingum)				
Ég var dugleg(ur) við að koma með eigin hugmyndir				
Ég kom vel fram við aðra				
Ég var kurteis og truflaði ekki aðra á æfingum				
Ég var fljót(ur) að læra textann minn utan að				
Ég hugsaði vel um textablöð, búninga og sviðsmuni og týndi engu				
Ég talaði hátt og skýrt				
Ég sneri að áhorfendum				
Ég hafði gaman af því að taka þátt í að setja upp leikritið *Reykjavík*				

Villt dýr

Þátttakendur: Hlíf Magnúsdóttir og Rósa Harðardóttir.

Skilgreining/afmörkun: Að hanna námsmat í þemaverkefni sem unnið er í upplýsingaveri í tengslum við verkefni í bekkjarstofu.

Meginmarkmið:

- Markvisst mat á virkni og áhuga nemenda í tímum

Útfærsla:
Sameiginlegir fundir í samræmi við áætlanir skólans og lestur á aðalnámskrá. Einnig voru önnur sambærileg verkefni skoðuð og matskvarðar. Fengum handleiðslu í tvö skipti hjá Ingvari. Við byrjuðu á að skilgreina þá þætti sem við viljum athuga og fylgjast með. Aðaláherslur í verkefnum voru sett niður á tíma og þeir þættir sem við ætluðum að skoða í hverri lotu.

Kynning á verkefninu

Meginmarkmið verkefnisins er að nemendur læri um líf villtra dýra í heiminum. Áhersla er lögð á að nemendur þekki útlit, fæðu, heimkynni og lífshætti þeirra. Verkefnið tengist vinnu nemenda í bekkjarstofu þar sem unnið er með Örkina hans Nóa og tengist einnig námsgreinum eins og íslensku, náttúrufræði, myndlist, samfélagsfræði og tölvu – og upplýsingatækni. Leitast er við að þjálfa nemendur í upplýsingaleit og kenna þeim að nota skólasafnið á fjölbreyttan hátt í verkefnum. Einnig markmið að nemendur læri á nokkur smáforrit í iPad. Nemendur munu byggja ofan á þá reynslu og þekkingu sem þau hafa þegar öðlast í upplýsingamennt.

Verkefni um villt dýr:

Kveikja í þessu verkefni gæti verið að horfa á myndband um villt dýr eins og t.d á youtube um Keniu Nairobi National Park sem sýnir náttúruna og dýralífið þar http://www.youtube.com/watch?v=E1XLAmw3_eE&feature=related. Á meðan börnin eru að horfa á myndbandið eiga þau að skrifa niður nöfn dýranna sem þau þekkja. Verkefnin geta nemendur unnið einstaklingslega eða 2 til 3 saman.

Nemendur hlusta á ljóð og sögur um dýr

Nemendur vinna verkefni á skólasafni sem þjálfa þau í að leita í efnisyfirliti og atriðaorðaskrá fræðibóka (sjá fylgiskjal 5)

Nemendur velja sér eitt villt dýr sem lifir ekki á Íslandi og fræðist nánar um það. Á skólasafni skoða nemendur bækur um dýr og lífshætti þeirra. (Gott er að hafa í huga að aðeins verði einn hópur með hvert dýr, þannig skapast meiri fjölbreytni í dýragarðinn!)

Nemendur skrá hjá sér fróðleik um dýrið sem þeir hafa valið sér og nota til þess blað með lykilspurningum(sjá fylgiskjal 2). Það sem þarf að koma fram er lýsing á dýrinu, hvar þar býr, fæða og fleira.

Nemendur teikna stórar myndir af dýrinu sínu á tvöfaldan pappír þannig að hægt er að fylla dýrið.

Afurð:

Hugarkort (bæði hægt að teikna fríhendis eða í þar til gerðum forritum eins og Xmind)

Fyllt dýr sem munu hanga á skólasafni

Upplýsingar um dýrið sem hangir niður úr dýrinu þar sem allir geta fræðst um dýrið

Litlir viðtalsþættir á margmiðlunarformi (stuttmynd)

Haldin er foreldrakynning

Fyrirkomulag:

Nemendur koma á skólasafnið og fá grunnundirbúning fyrir verkefnið þar sem skólasafnskennari og kennari í upplýsingamennt segja þeim hvað á að gera og lýsa vinnuferlinu

Nemendur leita að upplýsingum á skólasafni í fræðibókum og á Neti og skrá hjá sér.

Nemendur vinna handgerð hugarkort um dýrið sitt.

Nemendur setja upplýsingar úr hugarkortinu í tölvuforritið X-mind.

Nemendur skrá niður upplýsingar um dýrið sitt í Word

Nemendur teikni dýrið sitt á maskínupappír, tvöfalt og fylla upp í það

Hver hópur gerir lítinn viðtalsþátt í iPad og nota til þess iMovie

Vinnuferli:

Nemendur velja sér dýr til að rannsaka og kynna fyrir bekkjarfélögum (fylgiskjöl 2-3)

Nemendur læra um fæðukeðju dýrsins

Nemendur finna með aðstoð kennara hvað dýrið heitir á ensku

Nemendur finna myndbönd á netinu af dýrinu sínu og horfa á það

Námsmat:

Sjáfsmat nemenda á þar til gert matsblað (sjá fylgiskjal 4) og í viðtalsþætti

Matsblað kennara (fylgiskjal 1)

Bjargir:

Burnie, David. 2008. Undur náttúrunnar. Skaldborg, Reykjavík.

Parker, Steve. 2006. Ríki dýranna. Skrudda, Reykjavík.

Jørgensen, Bent. 2000. Fjölskyldulíf dýranna. Skaldborg, Reykjavík.

Carwardine, Mark. 1988. Lifandi heimur dýranna. Setberg, Reykjavík.

Sögur:

Dahl, Roald. 1978. Ógnarlangur krókódíll. Mál og menning, Reykjavík.

Krebs, Laurie. 2005. Við förum öll saman í safaríferð. Mál og menning , Reykjavík.

Myndbönd:

Lífsbaráttan. 1999. Bergvík. [Reykjavík]. [Myndband].

Vefir:

http://kids.nationalgeographic.com/kids/animals/creaturefeature/

Ggoogle earth með dýrum

http://www.myfreshplans.com/2011-05/using-google-earth-to-learn-about-animals/

http://www.gearthblog.com/blog/archives/2006/08/see_african_ani.html

Mat:
Við munum í framhaldinu vinna áfram að þróa námsmat í okkar vinnu í þeim verkefnum sem við vinnum í upplýsingaveri.

Fylgiskjal 1

Gátlisti eftir kennslustundir

Nemandi:	1.tími Áhugasemi	2. tími Sjálfstæði	3. tími Frumkvæði	4.tími Sköpun

Lykilspurningar.

Hvað heitir dýrið ykkar? Finnið enska heitið.

Hvernig lítur dýrið ykkar út? (stærð, litur, útlit)

Hvar lifir dýrið ykkar? (land eða heimsálfa, umhverfi)

Hvað borðar dýrið?

Segið frá afkvæmum dýrsins? (hve mörg, nafn)

Hvaða óvini á dýrið?

Lykilspurningar.

Hvað heitir dýrið ykkar? Finnið enska heitið.

Hvernig lítur dýrið ykkar út? (stærð, litur, útlit)

Hvar lifir dýrið ykkar? (land eða heimsálfa, umhverfi)

Hvað borðar dýrið?

Segið frá afkvæmum dýrsins? (hve mörg, nafn)

Hvaða óvini á dýrið?

Fylgiskjal 3

Villta dýrið mitt

Verkefni

Í þessu verkefni eigið þið að skrifa um villta dýrið ykkar. Þið notið lykilspurningar til að hjálpa ykkur og skrifið í heilum setningum. Þið þurfið að skipta með ykkur verkum, ákveða hvað hver gerir í ykkar hópi.

1. Lykilspurningar.

Hvað heitir dýrið ykkar? Finnið enska heitið.

Hvernig lítur dýrið ykkar út? (stærð, litur, útlit)

Hvar lifir dýrið ykkar? (land eða heimsálfa, umhverfi)

Hvað borðar dýrið?

Segið frá afkvæmum dýrsins? (hve mörg, nafn)

Hvaða óvini á dýrið?

2. Hugarkort

Þegar þið hafið skrifað textann ykkar inn í tölvuna gerum við hugarkort í Xmind

3. Búið til fyllt dýr sem hengt verður í loftið á skólasafninu. Textinn prentaður út og plastaður og hendur niður úr dýrinu

(4. Viðtalsþáttur í Ipad.)

Fylgiskjal 4

Villt dýr – matsblað nemenda

Nafn:_____

Villta dýrið mitt er:_____

			
Ég kann að finna upplýsingar um villt dýr í bókum			
Ég hef lært mikið um dýrið sem ég valdi mér			
Mér finnst gaman að vinna með dýr			
Ég hef lært mikið um villt dýr			
Ég var dugleg/ur að vinna á skólasafninu			
Mér finnst gaman að sjá dýrið mitt á skólasafninu			
Mér fannst gaman að skrifa í tölvu			
Mér fannst gaman að gera hugarkort			
Mér fannst gaman að búa til viðtalsþátt			
Mér fannst gaman að teikna dýrið mitt			
Ég lærði mikið um hin dýrin			

Fylgiskjal 5

Leit í fræðibókum

Finndu eftirtaldar bækur á safninu þínu.
Flettu upp í atriðisorðaskránni og svaraðu þessum spurningum:



1. Hvaða hestar eru röndóttir?_____
2. Til hvers nota kamelljón halann?_____

   _____
3. Hvað geta flóðhestar verið lengi í kafi?_____



1. Hvert er fræðiheiti úlfsins?_____
2. Hvernig dýr er gibbon?_____
3. Hvað er naggrís kallaður öðru nafni?_____



1. Hvað eru rándýr?_____

   _____
2. Á hverju lifa fílar?_____
3. Hvað eru til margar tegundir af

   leðurblökum?_____

Viskuvarða

Þátttakendur: Andri Þór Kristjánsson, Hildur Rudolfsdóttir, Hrafn Valgarðsson, Kristín Halla Þórisdóttir, Líney Björg Sigurðardóttir, Sigurlína Gísladóttir, Solveig Guðmundsdóttir, Vala Gísladóttir og Þorkell Logi Steinsson.

Skilgreining/afmörkun: Verkefni tengd raunveruleikanum þvert á námsgreinar í unglingadeild.

Meginmarkmið:

- Að búa til verkefni sem stuðla að fjölbreyttara námsmati í unglingadeild.
- Að auka valmöguleika og sveigjanleika verkefna í unglingadeild.
- Að leggja meiri áherslu á sköpun í verkefnaskilum í unglingadeild.
- Að samætta námsgreinar í einstökum verkefnum í unglingadeild.

Útfærsla:

Kennarar unglingadeildar funduðu á haustönn og var niðurstaðan sú að allar bóklegar námsgreinar í 10. bekk tækju þátt auk íþrótta. Tveir kennarar, íþrótta- og dönskukennarinn, voru þegar komnir í önnur námsmatsverkefni en voru þó jákvæð um að leggja fram og meta verkefni í Viskuvörðunni. Hver kennari fékk það verkefni að hanna og undirbúa tvö verkefni í sinni námsgrein sem nemendur myndu velja á milli. Ensku- og náttúrufræðikennarar völdu að vera með samþætt verkefni sem áttu að gilda í báðum greinum. Mismunandi var hvort verkefnin gætu verið hópverkefni en hægt að var að vinna þau öll sem einstaklingsverkefni. Ákveðið var að setja öll verkefnin á vef (www.viskuvarda.blogspot.com) svo nemendur og foreldrar gætu nálgast efnið heiman frá (sjá fylgiskjöl 1-15).

Verkefnið var kynnt fyrir nemendum í byrjun febrúar en tímabil Viskuvörðunnar var 11. febrúar-19. apríl. Tvær námsgreinar, íslenska og íþróttir óskuðu eftir sérstökum skiladögum en annars gátu nemendur skilað verkefnum hvenær sem þeir vildu, svo framarlega sem það væri í síðasta lagi föstudaginn 19. apríl.

Ákveðið var að hver námsgrein sem tæki þátt í verkefninu myndi gefa frá sér eina vinnulotu þar sem nemendur gátu ákveðið í hvaða verkefni þeir myndu vinna í. Skipulag yfir þessar vinnulotur var hengt upp í kennslustofum 10. bekkjar en einnig voru upplýsingar settar inn á heimavinnuáætlun á Mentor (sjá fylgiskjal 16). Mismunandi var hvort nemendur hefði aðgang að tölvum í þessum vinnulotum en þeir fengu þær upplýsingar að Viskuvarðan væri mestmegnis unnin heima.

10. árgangurinn skiptist í tvo bekki og fljótlega komu fram mismunandi viðhorf til verkefnisins í þessum tveimur bekkjum. Nemendur virtust vissir um að kennarar væru að bæta á þá auknu álagi án þess að draga úr kröfum í öðrum verkefnum. Einnig fannst mörgum þetta ekki eiga við á síðustu önn grunnskóla. Dró þó úr þessu þegar skiladagur verkefnanna nálgaðist.

Öll verkefnin gáfu nemendum eitthvert val um skil og bárust kennurum meðal annars ljóð,myndbönd, bækur, plaköt, skýrslur, Power Point kynningar, Excel verkefni og teikningar. Mörgum verkefnum var skilað rafrænt.

Mat:

Til að meta Viskuvörðuna voru nemendur beðnir um að svara rafrænni könnun í gegnum Google Drive (sjá fylgiskjal 17). Sambærilegar spurningar var líka sendar á foreldra (fylgiskjal 18). Góð svörun fékkst frá nemendum en 46 af 49 nemendum 10. bekkjar svöruðu. Foreldrar voru heldur lélegri að skila inn svörum en einungis 23 af 77 foreldrum á póstlista sendu inn svörin sín.

Niðurstöður úr könnun hjá nemendum leiddi í ljós að betra væri að hafa svona verkefni á haustönn í 10. bekk. Flestir voru þó á því að svona námsmat ætti vel við í unglingadeild. Einnig mættu kennarar skoða betur fyrirmælin með verkefnunum þar sem margir voru að lenda í einhverjum vandræðum með að skilja hvað verkefnin fælu í sér. Af orðræðu nemenda á tímabilinu töldu sumir að verkefnin væru hugsanlega of opin.

Áberandi var hvað foreldrar voru ánægðir með verkefnið og meirihluti þeirra hafði orðið var við vinnu barna sinna á tímabilinu. Fólst það í umræðum eða aðstoð heima fyrir. Meirihluti þeirra foreldra sem svöruðu voru líka sammála um að svona mat ætti heima í unglingadeild.

Kennarar sem tóku þátt í verkefninu voru sammála um að Viskuvarðan hefði ýtt undir meiri fjölbreytileika í námsmati unglingadeildar. Áberandi var hvað margir nemendur lögðu mikla vinnu í verkefnin sín. Stjórnendur voru einnig mjög ánægðir með að hafa varaáætlun fyrir nemendum ef kennari væri veikur. Hægt var þá að vinna í Viskuvörðunni í stað þess að vera í gati. Helstu vandkvæðin voru tengd skilum á verkefnum en margir nemendur virðast ekki hafa nýtt sér þann rúma tíma sem gafst og þurftu því að vinna mikið á lokasprettinum. Hugsanlega væri hægt að bæta úr þessu með því að ákveða nokkra skiladaga sem dreifðust á námsgreinar.

Kennarar voru einnig sammála um að halda ætti áfram með þróunarverkefnið í unglingadeild og skoða möguleikana á því að hefja það fyrr, t.d. með nokkrum verkefnum í völdum námsgreinum í 8. bekk, fleiri í 9. bekk og svo sambærilegt verkefni í 10. bekk. Hafa þarf í huga notkun á tölvum þar sem þrír árgangar geta skiljanlega ekki verið í verkefninu á sama tíma. Mikilvægt er að setja verkefnið inn á kennsluáætlanir strax að hausti svo nemendur venjist því að skipuleggja sig en einnig er hægt að skoða betri dreifingu á skilum svo óskipulagðir nemendur lendi ekki í vandræðum þegar álagið eykst.

Fylgiskjal 1

“Hreyfing er flott”

Íþróttaverkefni

Verkefnið

Þú átt að halda æfingadagbók í eina viku. Þar skráir þú alla þína hreyfingu. Ekki breyta hreyfimynstrinu frá því sem áður var. Nema ef vera skyldi að þú byrjaðir á verkefninu í Hvatningarleik Lífshlaupsins.

Í lok vikunnar skaltu fara yfir æfingar-dagbókina og greina hreyfinguna út frá þremur af grunnþáttum þjálfunar þ.e. þol, styrk og liðleika.

Gerðu síðan stuttlega grein fyrir því hve mikið þú ert að æfa þessa þætti. Hvort það sé eitthvað í þinni þjálfun sem þú mættir bæta miða við þær æfingar sem þú ert að taka. Hvar þú sért að gera vel og hvar skortir á.

Búðu til nýtt æfingarplan (3-4 æfingar) þar sem þú tekur tillit til athugsemda þinna í úttektinni hér fyrir ofan.

Þú finnið æfingadagbók á netinu.

Markmið

- Að með því að halda æfingadagbók hafi nemandi betri yfirsýn yfir hreyfingu sína
- Að nemandi geti með færslu æfinga-dagbókar skipulagt þjálfun sína betur þannig að hann nái markmiðum sínum
- Að nemendur tileinki sér notkun æfinga-dagbókar í daglegu lífi

Námsmat

Verkefnið er einstaklingsverkefni og gildir 10% af vorannareinkunn

Við mat á verkefni er tekið mið af:

- Innihaldi, málfari, vandvirkni og frágangi, hugmyndaauðgi og skilum á réttum tíma

SKIL

Nemandi hefur frjálsar hendur með útfærslu á verkefni

Skila má á pappír eða rafrænu formi

SKILADAGUR

5. apríl

Kelduskóli 2013

Skilist á netfangið: holmar.bjorn.sigthorsson@reykjavik.is

Fylgiskjal 2

“Matur er manns gaman”

Íþróttaverkefni

Markmið

* Að gera nemanda meðvitaðan um neyslumynstur sitt
* Að nemandi geti með færslu matardagbókar endurbætt mataræði sitt þannig að hann nái markmiðum sínum
* Að nemandi tileinki sér notkun matardagbókar í daglegu lífi

Verkefnið

Þú átt að halda matardagbók í eina viku. Þar skráir þú allt sem þú borðar. Ekki breyta mataræðinu frá því sem áður var.

Í lok vikunnar skaltu fara yfir matardagbókina og flokka matinn eftir fæðuflokkunum sex þ.e:

Kornvörur: sem gefa kolvetni, prótein og trefjar
Grænmeti: gefur kolvetni, vítamín, steinefni og trefjar
Ávextir og ber: gefa kolvetni, vítamín, steinefni og trefja
Fiskur, kjöt, egg og baunir: gefa prótein, vítamín og steinefni
Mjólk og mjólkurvörur: gefa prótein, steinefnið Kalk og vítamín
Feitmeti: gefa okkur lífsnauðsynlegar fitusýrur og vítamín

Gerðu síðan stuttlega grein fyrir því hvort þú sért að borða mat úr öllum fæðuflokkum. Hvar þú sért að gera vel og hvar skortir á?

Búðu til nýjan matseðil (6 máltíðar) fyrir þig þar sem þú tekur út úr matseðlinum allt sem er óhollt og setur inn það sem á skortir (fæðuflokk) í mataræði þínu.

Þú finnur matardagbók á netinu.

Námsmat

Verkefnið er einstaklingsverkefni og gildir 10% af vorannareinkunn

Við mat á verkefni er tekið mið af:

Innihaldi, málfari, vandvirkni og frágangi, hugmyndaauðgi og skilum á réttum tíma

Skilið á netfangið: holmar.bjorn.sigthorsson@reykjavik.is

SKIL

Nemandi hefur frjálsar hendur með útfærslu á verkefni

Skila má á pappír eða rafrænu formi

SKILADAGUR

5. apríl

Kelduskóli 2013

Fylgiskjal 3

“Listin að lifa”

“Matur er manns gaman” og “Hreyfing er flott”

VERKEFNIÐ

Verkefnin “Matur er manns gaman” og “hreyfing er flott” eru unnin á sama hátt og í verkefnalýsingum. Þið vinnið þau bæði og skilað saman. Við þetta fáið þið heildstæðari vinnu á verkefnum sem skarast við hvert annað. Þannig tryggja þau ykkur mögulega betri árangur í íþróttaiðkun og daglegu lífi.

MARKMIÐ

* Að nemandi vinni saman verkefni í líkams- og heilsurækt sem hafa áhrif á hvort annað
* Að nemandi fái heildstæða þekkingu sem tryggir betri árangur í íþróttaiðkun og daglegu lífi

SKIL

Verkefnin “Matur er manns gaman “og “Hreyfing er flott”

Nemandi hefur frjálsar hendur með útfærslu á verkefni

Skila má á pappír eða rafrænu formi

SKILADAGUR

5. apríl

Kelduskóli 2013

NÁMSMAT

Gildir 20% af vorannareinkunn

Við mat á verkefni er tekið mið af:

* Innihaldi
* Málfari
* Vandvirkni og frágangi
* Hugmyndaauðgi
* Skilum á réttum tíma

SLEPPA PRÓFI Á MÓTI:

Ef nemandi tekur þetta verkefni þá hefur hann rétt til þess að sleppa öðrum prófum í íþróttum sem gilda samtals 10% af eigin vali. Kennari mun fjótlega gefa út vægi allra prófþátta í íþróttum á vorönn

Skilið á netfangið:
holmar.bjorn.sigthorsson@reykjavik.is

Fylgiskjal 4

Að sækja um starf

Atvinnuauglýsingar í blöðum eða á Netinu

Lífsleikniverkefni

Ef þú þyrftir að sækja um starf núna hvert af þeim störfum sem auglýst eru yrðu fyrir valinu?

Verkefnið

1. Klipptu eða prentaðu út auglýsinguna sem þú valdir.
2. Skráðu hvers vegna þetta starf varð fyrir valinu og hvaða eiginleika þú hefur til að bera sem gera þig hæfa(n) til þess að sinna þessu starfi.
3. Veltu einnig fyrir þér hvort og þá í hverju þú þyrftir að bæta þig til að eiga möguleika á að fá starfið.

Markmið

Að nemandi:

- leiti að auglýstu starfi í blöðum eða á Netinu
- meti hvort starfið höfði til hans og hvaða einginleiga hann hafi til að sinna starfinu
- meti hvað hann þarf að gera til að bæta sig til þess að eiga möguleika á þessu starfi

Námsmat og skil

- Um er að ræða einstaklingsverkefni sem er hluti af lífsleiknieinkunn.
- Við mat á verkefni er tekið mið af frágangi, málfari og vandvirkni.
- Val um hvort það er unnið í tölvu eða handskrifað.
- Útlit og uppsetning er frjáls.
- Verkefni er skilað til Líneyjar náms- og starfsráðgjafa.

Fylgiskjal 5

Ferilskrá

Lífsleikniverkefni

Verkefnið
Þú átt að gera þína ferilskrá og nota form frá Europass. Þú ferð inn á www.europass.is

Efst á síðunni (europass.is) sérðu **Ferliskrá og Evrópskur færnipassi** þú ýtir á það. Þegar þangað er komið er hægt að sjá hægra megin dæmi um ferilskrá á íslensku. Gagnlegt er að skoða hana og jafnvel prenta hana út til þess að hafa til hliðsjónar.
Þegar verkefnið er unnið þarftu að fara neðar á síðunni og athuga hægra megin undir **Tenglar** – þar er **Hraðleið á gerð ferilskrár á íslensku** og þú ferð inn á það (það getur tekið smá tíma að hlaða síðunni niður). Það segir sig sjálft hvað á að gera, þ.e. það koma upplýsingagluggar sem segja þér hvað þú átt að gera. Þú þarft að vista til þess að halda.
Þú getur hætt og haldið áfram síðar en þá þarftu að ýta á **Vista** sem er vinstra megin á síðunni og búa til möppu í tölvunni þinni fyrir ferilskrána. Þegar þú ætlar að halda áfram sérðu efst á síðunni sem þú varst að vinna inni í (inni á europass.is) **Hlaða inn eldri ferilskrá/EFP** og þá getur þú náð í skrána þína.

Markmið
Að nemandi:

- geti útbúið ferilskrá sem oft þarf að fylgja með starfsumsóknum og skólavist
- viti hvert hann getur leitað til þess að afla sér upplýsinga um gerð ferilskrár

Námsmat og skil

- Um er að ræða einstaklingsverkefni sem er hluti að lífsleiknieinkunn.
- Staðlað form þannig að ekkert val er um útlit og uppsetningu.
- Skilað útprentuðu til Líneyjar náms- og starfsráðgjafa.

Fylgiskjal 6

Barnabók

Vísinda-vaka á íslensku

Semjið innihaldsríka sögu sem hentar börnum. Sagan skal innihalda boðskap og vera vönduð og vel uppbyggð, hafið í huga atriði eins og hugblæ, sjónarhorn, tíma, umhverfi, persónusköpun, upphaf, flækju, ris og lausn.

Frágangur sögunnar skal vera vandaður með greinaskilum á viðeigandi stöðum og hæfilega löngum málsgreinum. Lengdin skal vera um 1000 orð. Blaðsíður bókarinnar skulu vera a.m.k. 10 A5 síður eða sambærilegt magn. Stafsetning skal vera vönduð.

Myndskreytingar og önnur útlitshönnun svo sem leturgerð, fyrirsagnir og forsíða skipta einnig máli. Fríhendis teikningar og eiginhönnun í tölvu gefa meira en útprentaðar myndir eftir aðra.

Vandið orðaval og orðalag, leitist við að hafa málfarið frekar ritmálslegt en talmálslegt, notið fjölbreytt orðalag fremur en endurtekningarsamt, lesið vel yfir áður en skilað er og fáið jafnvel einhvern til að lesa yfir með ykkur.

Námsmatið er sem hér segir:

Uppbygging, upphaf, miðja, endir	20
Boðskapur og hugblær	10
Frágangur, greinaskil, málsgreinar, stafsetning	20
Útlitshönnun og myndskreytingar	20
Málfar	15
Kynning, framsögn	15

Að verki loknu komið þið til með að **kynna** vinnu ykkar í kennslustund þann 9. apríl. Kynningin skal vera greinagóð lýsing á bókinni sem þið bjugguð til, framsögn skal vera skýr og áheyrileg.

Verkefnið í heild sinni **gildir** 10% af lokaeinkunn vorannar í íslensku.

Markmið með verkefninu eru meðal annars:

Nemandi getur:
* flutt mál sitt skýrt og á heyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
* gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu
* gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því
* beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
* beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar
* valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi
* beitt reglum um réttritun og hefur náð góðu valdi á stafsetningu. Gerir sér grein fyrir að góð stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
* beitt allauðugum orðaforða og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta hann og geti nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun
* áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap

Verum skapandi

Fylgiskjal 7

Námsmat er sem hér segir:

Fræðilegar upplýsingar	40	
Dæmi og útskýringar	10	
Framsögn og málfar	30	
Útlitshönnun	20	

Búið til kynningarmyndband um eitt af eftirtöldu:

1. setningarhluta
2. orðflokka
3. Íslendingasögur
4. þjóðsögur
5. ljóð

a. Hér reynir á skipulagshæfileika ykkar, notist við tékklista frá kennara (viðfangsefni 1-5).
b. Reynið að koma að sem flestum hugtökum sem málinu tengjast.
c. Útskýrið viðfangsefni ykkar frá grunni eins og fyrir barni eða einhverjum sem aldrei hefur komist í tæri við efnið. Takið dæmi máli ykkar til stuðnings og hafið umfjöllunina líflega.
d. Upplýsingarnar sem fram koma eru metnar auk framsetningar þeirra. Framsögn skiptir miklu máli. Skipuleggið umfjöllun og frásögn því vel.
e. Tímalengd myndbandsins skal vera a.m.k. 4 mínútur.
f. Myndbandið verður kynnt og sýnt í tíma 9. apríl.
g. Útlisthönnun skiptir einnig máli.
h. Verkefnið í heild sinni gildir 10% af lokaeinkunn vorannar í íslensku.

Markmiðin með verkefninu eru:

Nemandi getur:

- flutt mál sitt skýrt og á heyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu
- gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því
- lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gerir sér grein fyrir gildi bókmennta
- beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
- notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllum um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum
- tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli
- beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og getur nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna
- áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra

Kynningarmyndband

Fylgiskjal 8

Fylgiskjal 9

Gruppestørrelse: to til tre elever

Målsætning:

- At eleverne bruger sit passive ordforråd om mad, både mundtligt og skriftligt, så det bliver en del af deres aktive ordforråd.
- Samarbejde og selv -stændighed.

Visdomsvarden— Et kort madlavningsprogram

Filmen en kort madlavningsprogram på dansk. I må selv bestemme hvilken mad I laver men I skal bruge mindst fem ingredienser i retten. I skal beskrive fremgangsmåden skridt for skridt og I skal også snakke sammen om det I laver ligesom der bliver gjort I lignende programmer i virkeligheden. Alle medlemmer i gruppen skal både ses og høres. I skal, før I begynder at filme, skrive et opkast af programmet og det skal afleveres sammen med filmoptagelsen. Programmet bliver vist i dansktime.

Fylgiskjal 10

Alþjóðleg matargerð

Þjóðlegur matur í fjölþjóðlegu samhengi

Hvernig gera má alíslenskan mat girnilegan með erlendu ívafi

Markmið:

- Nemandi á að fjalla um íslenskt samfélag í alþjóðlegu samhengi með tilliti til fjölmenningar og alþjóðavæðingar.
- Nemandinn greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með um menningu.
- Nemandinn komi niðurstöðum sínum á framfæri með fjölbreyttum hætti.

Verkefni þitt, kjósir þú að vinna það, er að taka eitthvað þekkt íslenskt hráefni (slátur, skyr, svið, hangikjöt, lambakjöt…) og blanda því við einhverja framandi strauma í eldamennsku. Þú getur valið nálgun frá hvaða heimsálfu sem er — frumleikinn og gómsætið ræður för.

Úr þessu áttu að skila **uppskriftabók með myndum**. Bókin þarf að innihalda a.m.k. 6 uppskriftir en þú mátt ráða hvort bókin skiptist í forrétti, aðalrétti og eftirrétti eða ekki.

Bókina skal vinna rafrænt í hentugu forriti (t.d. Word, Publisher, iBook ofl.) og skilast á netfangið **hildur.rudolfsdottir@reykjavik.is**. Verkefnið er 10% af lokaeinkunn vorannar í samfélagsfræði.

Við mat á verkefninu verður horft á frumleika, frágang og innihald.

Fylgiskjal 11

TÖKUSTAÐIR

Verkefnið þitt, kjósir þú að vinna það, er að undirbúa tökur á heimildamynd um Grafarvog. Felur það í sér að finna **10-15 tökustaði í Grafarvogi** sem myndu endurspegla hverfið. Fyrir hvern tökustað þarf að fylgja ljósmynd/hreyfimynd, lýsing á tökustaðnum og rökstuðningur fyrir því af hverju þessi tiltekni staður ætti heima í heimildamynd um Grafarvog.

Verkefninu skal skila rafrænt á netfangið hildur.rudolfsdottir@reykjavik.is en nemendur velja sjálfir hentuga leið til að koma verkefninu frá sér. Verkefnið er 10% af lokaeinkunn vorannar í samfélagsfræði.



Fylgiskjal 12

Þig langar að byggja þér hús. Fyrsta skrefið er að hanna húsið og verkefnið snýst um að teikna upp einbýlishús með öllu því sem tilheyrir draumahúsinu þínu. Þú þarft að skila inn teikningu af húsinu (herbergjaskipan og útlit utan frá) eða gera líkan af því í réttum hlutföllum. Þú þarft að finna út heildarfermetrastærð hússins og heildarrúmmetra, auk fermetrastærð allra rýma í húsinu. Allt kostar þetta sitt og þú þarft að reikna út kostnaðarverð út frá kostnaðarverðum uppgefnum í töflunni. Út-reikningum þarf að skila í tölvutæku formi

Verkefnið gildir 10% af verkefnahluta vorannar-einkunnar.

Síðasti skiladagur er 19.apríl. Gangi þér vel !

Tegund	Fermetraverð
Útveggur	8000
Innveggur	6500
Gluggar	9250
Þak	5000
Lóð	5480
Grunnur	4250

Fylgiskjal 13

Þig langar að bjóða til 6 manna matarveislu. Þú ætlar að hafa forrétt, aðalrétt og eftirrétt og drekka eitthvað óáfengt með þessu öllu. Þegar þú hefur útbúið matseðlana þarftu að kaupa inn til veislunnar. Nú þarftu að setja þig í spor þeirra Nenna níska og Rikka ríka. Nenni sér á eftir hverri krónu og því þarf hann að kaupa afar hagstætt inn, á meðan Rikki gæti ekki verið meira sama um peninga og kaupir þar sem honum sýnist.

Þú þarft að finna tvær verslanir og athuga hvað vörurnar sem þú þarft að kaupa í matinn kosta á hvorum stað fyrir sig. Síðan þarftu að reikna út verðmismuninn í prósentum og krónum á hverri vöru fyrir sig og prósentumuninn á heildarinnkaupunum.

Þú þarft að skila inn matseðlum og ofangreindum útreikningum á tölvutæku formi.

Verkefnið gildir 10% af verkefnahluta vorannareinkunnar.

Síðasti skiladagur er 19.apríl. Gangi þér vel !

Fylgiskjal 14

Náttúrufræði / enska **verkefni 1**

Umhverfismál / dýravernd:

ljóð/texti á ensku

Nokkrar góðar síður……..

bbc.com

PETA.org

National Geographic

fur and fashion

eco fashion

animal cruelty

Verkefni 2



dæmi um verkefni

t.d. fimm lífverur + texti



Náttúrumyndir með enskum texta.

Myndir sem þið takið sjálf eða finnið á netinu. t.d smásjármyndir eða úr rafeindasmásjá. (electronic microscope)

Segið frá lífverunum á ensku og notið fræðileg orð. Finnið líka latnesku heitin.

Þ.e. ættkvísl og tegund.

Setjist inn á facebook síðu(lokaðan hóp) sjá síðar

Fylgiskjal 16

Viskuvarðan— vinnulotur í febrúar 10.R

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
				1	2	3
4	5	6	7	8 Kynning á verkefninu	9	10
11 10.R í vinnulotu í náttúrufræði. Tölvuvagn í boði	12	13	14	15	16	17
18	19	20 Báðir bekkir í vinnulotu í stærðfræði	21	22	23	24
25	26	27	28 10.R í vinnulotu í dönsku. Tölvuvagn í boði			

Fylgiskjal 17

Fórst þú einhverntíma inn á vefsíðu Viskuvörðunnar þegar þú varst að vinna verkefnin (www.viskuvarda.blogspot.com)



Já, ég aflaði mér upplýsinga um verkefnin þar.	**35**	78%
Já, en ég skoðaði síðuna ekki mikið.	**9**	20%
Nei, en ég vissi þó af vefsíðunni	**1**	2%
Nei, vissi ekki að verkefnin hefðu verið til rafrænt.	**0**	0%

Hvernig fannst þér upplýsingaflæðið fyrir einstök verkefni vera?



Eftir að hafa talað við kennara var ég með á hreinu út á hvað einstök verkefni gengu.	**16**	36%
Ég lenti í vandræðum með einhver verkefni þar sem ég skildi ekki fyrirmælin.	**24**	53%
Ég þurfti mikla aðstoð við að leysa verkefnin því ég skyldi ekki hvað þau gengu út á.	**2**	4%
Other	**3**	7%

Finnst þér verkefni eins og Viskuvarðan eigi að vera hluti af námsmati í unglingadeild?



Já.	**18**	40%
Já, en láta verkefnin gilda minna.	**6**	13%
Hef ekki skoðun á því.	**10**	22%
Nei.	**6**	13%
Nei, en allt í lagi að hafa svona verkefni til hliðar þó þau gildi ekki í námsmati.	**4**	9%
Other	**1**	2%

Hvað finnst þér um tímasetningu verkefnisins?



Allt í lagi.	**18**	40%
Fínt að hafa þetta í 10. bekk en ætti frekar að vera á haustönn.	**11**	24%
Svona námsmat ætti ekki að vera í 10. bekk.	**13**	29%
Svona námsmat ætti ekki að vera í unglingadeild.	**0**	0%
Other	**3**	7%

Fylgiskjal 18

Veist þú hvað verkefnið Viskuvarðan er?



Já.	**15**	68%
Nei, kannast ekki við þetta.	**2**	9%
Hef heyrt minnst á þetta en veit ekki alveg út á hvað verkefnið gengur.	**5**	23%
Other	**0**	0%

Varðst þú var/vör við vinnu barnsins þíns í Viskuvörðunni?



Já, barnið mitt vann stóran hluta verkefnanna heima.	**12**	57%
Já, barnið mitt talaði um verkefnin en vann þau frekar í skólanum eða heima hjá vinum/vinkonum.	**5**	24%
Nei, ég tók ekki sérstaklega eftir þessu.	**3**	14%
Other	**1**	5%

Fórst þú einhverntíma inn á vefsíðu Viskuvörðunnar (www.viskuvarda.blogspot.com)



Já, ég aflaði mér upplýsinga um verkefnin þar.	**4**	18%
Já, en ég skoðaði síðuna ekki mikið.	**4**	18%
Nei, en ég vissi þó af vefsíðunni	**5**	23%
Nei, vissi ekki að verkefnin hefðu verið til rafrænt.	**9**	41%
Other	**0**	0%

Hvernig fannst þér upplýsingaflæðið fyrir einstök verkefni vera?



Barnið mitt virtist vita hvað það ætti að gera í hvaða verkefni fyrir sig.	**17**	85%
Barnið mitt lenti í vandræðum með einhver fyrirmæli.	**3**	15%
Barnið mitt virtist lítið vita hvernig ætti að leysa verkefnin.	**0**	0%
Other	**0**	0%

Finnst þér verkefni eins og Viskuvarðan eigi að vera hluti af námsmati í unglingadeild?



Já.	**18**	82%
Já, en láta verkefnin gilda minna.	**0**	0%
Hef ekki skoðun á því.	**4**	18%
Nei.	**0**	0%
Nei, en allt í lagi að hafa svona verkefni til hliðar þó þau gildi ekki í námsmati.	**0**	0%
Other	**0**	0%

Hvað finnst þér um tímasetningu verkefnisins?



Hef ekkert út á tímasetninguna að setja.	**15**	68%
Fínt að hafa þetta í 10. bekk en ætti frekar að vera á haustönn.	**7**	32%
Svona námsmat ætti ekki að vera í 10. bekk.	**0**	0%
Svona námsmat ætti ekki að vera í unglingadeild.	**0**	0%
Other	**0**	0%

Niðurstöður

Við lok þróunarvinnu um námsmat er margt sem hægt er að tína til sem niðurstöður verkefnisins. Í upphafi lagði fólk höfuðið í bleyti til að finna áhugaverð verkefni, sem á sama tíma nýttust sem best í daglegu starfi. Þetta frelsi gerði ólíkum hópum (úr mismunandi teymum) kleift að starfa saman á vettvangi námsmats og skólaþróunar. Sú vinna féll vel að markmiði skólans um samræmingu námsmats milli tveggja starfsstöðva Kelduskóla.

Eins og gengur og gerist taka þróunarverkefni breytingum í ferlinu. Sumir hópar héldu sínu striki, aðlöguðu eða breyttu hreinlega um stefnu eftir að hafa skoðað heimildir og prófað á eigin skinni ýmsar aðferðir. Það er hluti af því að taka þátt í þróunarstarfi enda eiga slík verkefni að vera lifandi og aðlaga sig að aðstæðum hvers og eins.

Við lok verkefnisins voru haldnar málstofur þar sem hóparnir kynntu sína vinnu og niðurstöður undir stjórn Ingvars Sigurgeirsson, prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Málstofurnar voru haldnar mánudaginn 10. júní í Kelduskóla-Korpu og komu þar að kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar Kelduskóla. Hóparnir skiluðu einnig vinnugögnum sínum til skólastjórnenda ásamt lokaskýrslu.

Við mat á þróunarverkefninu var það sameiginleg niðurstaða hópsins að vinna um veturinn hefði verið fróðleg og sérstaklega hefði verið skemmtilegt að sjá fjölbreytnina á málstofunum. Hóparnir höfðu augljóslega komið mismunandi að þessu hugtaki „námsmat“, sem speglar einmitt þá miklu fjölbreytni sem finna má í námsmatshugleiðingum nýrrar aðalnámskrár. Heyra mátti hátt og skýrt í matinu að nauðsynlegt sé að halda áfram með þetta verkefni á næsta skóla ári þar sem margir hópar töldu sig einungis rétt hafa krafsað í yfirborðið, þegar kom að þeirri vinnu sem þeir vildu leggja til námsmats í Kelduskóla.

Starfsfólk Kelduskóla er því strax farið að huga að áframhaldandi vinnu næsta skóla ár við námsmat og er ánægjulegt að sjá að þau markmið sem lögð voru fram í byrjun vetrar hafi náðst. Faglegt starf innan skólans hefur eflst í tengslum við námsmat og sú umræða sem átti sér stað milli starfsfólks mun halda áfram á komandi árum.

Reykjavík 19. júní 2013